

STÆRSTI ÁRLEGI VETTVANGUR ALLRA SEM STARFA Í SJÁVARÚTVEGINUM



SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN

HÖRPU, 16.–17. NÓVEMBER 2017



samskip



www.sjavarutvegsradstefnan.is

Stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar



Daði Már Kristófersson



Gísli Kristjánsson



Helga Franklinsdóttir



Hrefna Karlsdóttir
formaður



Jóhann Vignir Gunnarsson



Jón Þrándur Stefánsson



Sigrún Mjöll Halldórsdóttir



Sverrir Guðmundsson

Sjávarútvegsráðstefnan ehf.

Tilgangur félagsins er að halda árlega ráðstefnu til að stuðla að faglegri og fræðandi umfjöllun um sjávarútveg og að vera vettvangur fyrir samskipti allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi. Félagið er ekki hagsmunasamtök einstakra hópa og vinnur ekki að hagsmunagæslu.

Hugmyndin

Hugmyndin að sjávarútvegsráðstefnunni er að skapa samskiptavettvang allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi. Innan þessa hóps eru þeir sem starfa við veiðar, eldi, frumvinnslu, framhaldsvinnslu, sölu og markaðssetningu, þjónustu og rannsóknir og þróun, einnig opinberir aðilar, kennarar og nemendur, fjölmiðlar og aðrir áhugamenn

Skipulag félagsins

Aðalfundur félagsins kýs 8 manna stjórn sem er jafnframt ráðstefnuráð. Stjórn félagsins skipuleggur og sér um framkvæmd Sjávarútvegsráðstefnunnar. Við val á stjórn félagsins er leitast við að hún endurspegli sem best starfsemi sjávarútvegs. Til að tryggja að sjónarmið sem flestra innan greinarinnar nái fram er gert ráð fyrir reglulegri endurnýjun með því að skipta út helmingi stjórnar á hverju ári.

Sjávarútvegsráðstefnan er fyrir alla!

Markmið Sjávarútvegsráðstefnunnar er að ná saman á einum stað þversneið af íslenskum sjávarútvegi til að vinna að framförum og sókn. Sjávarútvegsráðstefnan er vettvangur þar sem menn hittast, styrkja sambönd og samstarf í greininni. Á ráðstefnunni er fjallað um mikilvæg viðfangsefni á sviði sjávarútvegs og vonast er að hún verði uppspretta hugmynda og hvatning til góðra verka.

Næstu ráðstefnur og upplýsingamiðlun

Á vef félagsins sem er www.sjavarutvegsradstefnan.is gefst öllum tækifæri að koma með tillögur um efnistöð á næstu ráðstefnu og fulltrúa í stjórn félagsins. Á vefnum er jafnframt hægt að sækja dagskrá og skrá sig á ráðstefnuna. Á vefsíðu félagsins er einnig hægt að sækja erindi og önnur gögn sem gefin verða út í tilefni ráðstefnanna.



SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN

SJÁVARÚTVEGSRÁÐSTEFNAN 2017 Í HÖRPU, 16.–17. NÓVEMBER

EFNISYFIRLIT

Ávarp formanns	4
Dagskrá.....	6
Framúrstefnuhugmynd 2016	11
Útdrættir erinda	15
Framúrstefnuhugmynd 2016	42
Framúrstefnuhugmynd 2015	43
Framúrstefnuhugmynd 2014	44
Framúrstefnuhugmynd 2013	44
Framúrstefnuhugmynd 2012	45
Framúrstefnuhugmynd 2011	45
Sjávarútvegsráðstefnan 2016.....	46
Sjávarútvegsráðstefnan 2015.....	47
Sjávarútvegsráðstefnan 2014.....	47
Sjávarútvegsráðstefnan 2013.....	47
Sjávarútvegsráðstefnan 2012.....	48
Sjávarútvegsráðstefnan 2011.....	48
Sjávarútvegsráðstefnan 2010.....	48




Íslenskur sjávarútvegur 2017

Út er komin ný skýrsla Íslandsbanka um íslenska sjávarútveginn.

Skýrslan hefur verið gefin út síðan árið 2003 með það að markmiði að gera íslenskum sjávarútvegi góð skil. Skýrslunni er ætlað að gefa bæði innlendum og erlendum aðilum innsýn í stöðu greinarinnar hverju sinni og bera saman við þróun hennar síðastliðinna ára.

islandsbanki.is/sjavarutvegur





Formáli

Sjávarútvegsráðstefnan er haldin í áttunda sinn í ár. Met var slegið í fyrra þegar yfir 800 manns sóttu ráðstefnuna og það ár var ráðstefnan flutt í Hörpu og er ljóst að sú ákvörðun er komin til að vera.

Að vanda er dagskráin fjölbreytt og málefnið í takt við það sem brennur á mönnum í greininni hverju sinni auk allra þeirra nýjunga og framfara sem íslenskur sjávarútvegur vinnur að. Að vanda koma fyrirlesarar hvaðanæva að og leitast er við að fá erlenda fyrirlesara enda starfar íslenskur sjávarútvegur í alþjóðlegu umhverfi.

Opnunarmálstofan í ár fjallar um hvort hægt sé að **Fimmfalda útflutnings-verðmæti bláa hagkerfisins**. Stórt er spurt og það verður spennandi að sjá hvernig fyrirlesarar sjá fyrir sér markmið og leiðir í þessu sambandi. Eru frekari tækifæri til aukinnar verðmætasköpunar í sjávarútvegi á Íslandi og hvaða áskoranir stöndum við frammi fyrir í þeim efnum?

Meðal annarra málstofa sem verða eru markaðsmál en þau hafa ávallt skipað mikilvægan sess á Sjávarútvegsráðstefnunni og verður engin breyting á því í ár. Í málstofu um **Tækifæri og áskoranir á nýjum mörkuðum** verður m.a. fjallað um Kínamarkað og hvaða hlutverk flutningsleiðir hafa í opnum nýrra markaða.

Hugverkaréttur verður til umræðu í tveimur málstofum. Hugverk innan sjávarútvegs og tengdra greina geta legið í vörumerkjum, tæknilegum uppfinningum, framleiðsluaðgerðum o.fl. Hvernig og af hverju verja eigi hugverk verður þar til umfjöllunar.

Ein verðmætasta afurð fiskvinnslu í dag eru ferskir hnakkar og flakabitar en samkeppni á þessum markaði hefur aukist með frosnum uppþíddum fiski. Á málstofunni **Framtíð ferskfiskvinnslu** verða þessi mál skoðuð af þeim sem best þekkja.

Sjálfvirknivæðing í veiðum og vinnslu hefur vaxið undanfarið og upplýsingatækni hefur rutt sér rúms innan sjávarútvegs líkt og í öðrum atvinnugreinum. Nokkrar málstofu taka fyrir málefni sem tengjast þessu. **Fjórða iðnbýltingin** verður rædd í málstofu með sama heiti og m.a. velt fyrir sér hvernig hún muni breyta störfum í sjávarútvegi á komandi árum. Mikil þróun hefur orðið í gæðamati enda gæði afurða lykilatriði í markaðssetningu íslenskra sjávarafurða. Rafræn gæðakerfi verða krufin til mergjar af notendum í málstofu um **Þróun og framtíðarsýn í gæðamálum**. Í málstofunni **Upplýsingatækni í sjávarútvegi** verður fjallað um hvernig nýta megi gögn og hugbúnað til að m.a. auka verðmætasköpun, bestun á vinnslu, rekjanleika og markaðssetningu.

Pallborðsumræður um **Mikilvægi rannsókna og nýsköpunar í sjávarútvegi** eru á dagskrá, þar sem við fáum að kynna hvernig þessum málum er háttað hjá Norðmönnum.

Lokamálstofan í ár fjallar um **Fiskveiðistjórnunarkerfi og veiðigjöld annarra þjóða**. Þar munu við fá inn-sýn í þessi mál hjá Færeyingum og Grænlandingum.

Sjávarútvegsráðstefnan er meira en fyrirlestrar og umræður, hún er ekki síður mikilvægur vettvangur fyrir fólk í greininni til að hittast, efla tengsl og mynda ný.

Að lokum vil ég þakka styrktaraðilum, fyrirlesurum og málstofustjórum fyrir ykkar framlag til Sjávarútvegsráðstefnunnar 2017.

Sjáumst í Hörpu dagana 16.-17. nóvember.



Hrefna Karlsdóttir, formaður stjórnar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2017

KRAFA UM FERSKLEIKA

Tíminn skiptir höfuðmáli í fraktflutningi, hvort sem verið er að flytja vörur inn til landsins eða koma afurðum á erlendan markað.

Það getur skilið á milli hagnaðar og taps hversu lengi varan er á leiðinni.
Þá er gott að eiga samstarf við öflugt fyrirtæki á sviði flugfraktar til og frá Íslandi.

Við hjá Icelandair Cargo þjónum íslenskum inn- og útflytjendum á hverjum einasta degi til og frá Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu.

Silfurberg
Er hægt að fimmfalda útlutningsverðmæti bláa hagkerfisins? Umsjónarmaður: Jón Þrándur Stefánsson, Markó Partners Málfostustjóri: Edda Hermannsdóttir, Íslandsbanki
10:15 Setning, Heiðrún Lind Marteinsdóttir, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
10:30 Fimmföldun verðmæta: Hvað þarf til? Sveinn Margeirsson, Matís
10:45 Halsjór tekjiferanna, Einar Kr. Guðfinnsson, Landsamband fiskeldisstöðva
11:00 Verðmætaeköpun í framleiðslutekni, Stella Kristinsdóttir, Marel
11:15 Nýir sprotar, tekjiferið er núna, Berta Danielsdóttir, Íslenski sjávarklasim
11:30 Umræður
11:55 Afhending framúrstefnuverðlauna, Hjálmar Sigurþórsson, Tryggingarmiðstöðin

Matur: 12:00-13:00

Málstofa A1 Silfurberg A		Málstofa B1 Silfurberg B	Málstofa C1 Kaldalón
Kröfur kaupenda um upplýsingar – Erum við að gera nóg? Umsjónarmaður: Helga Franklinsdóttir, Icelandic Málfostustjóri: Erla Kristinsdóttir, Iceland Sustainable Fisheries	Framtíð ferskfiskvinnslu Umsjónarmaður: Gísli Kristjánsson, HB Grandi Málfostustjóri: Sólveig Arna Jóhannesdóttir, HB Grandi		Öryggismál sjómanna Umsjónarmaður: Jóhann Vignir Gunnarsson, Þorbjörn Málfostustjóri: Sneyfríður Eimarsdóttir, HB Grandi
13:00 Kröfur kaupenda: hverju eru þeir að leita að, hvar og á hvaða formi? Óskar Sigmundsson, Marós GmbH	13:00 Inngangur málfostustjóra, Sólveig Arna Jóhannesdóttir, HB Grandi		13:00 Sýsavarir og öryggismál á sjó, Gunnar Tómasson, Þorbjörn
13:15 Traustvekjandi upplýsingar og tengslamyndun, Guðný Káradóttir, Íslandsstofa	13:10 Framtíð ferskfiskvinnslu frá markaðslegu sjónarmiði, Jón Þrándur Stefánsson, Markó Partner		13:10 Landhelgisgæsla – áskoranir í nútíð og framtíð, Asgrímur L. Asgrímsson, Landhelgisgæslan
13:30 Upplýsingaþörf neytenda - netvæðing miðlunar, Guðrún Ólafsdóttir, Háskóli Íslands	13:25 Flutningsleiðir fyrir ferskan fisk – tækifæri og ógnanir, Sindri Már Atlason, HB Grandi		13:20 Hlutverk Sýsavarnafélagsins Landsbjargar í leit og björgun á sjó og framtíðarsýn, Sigurður R. Viðarsson, Sýsavarnafélagið Landsbjörg
13:45 Framtíð upplýsingavefsins Fisheries.is Grímur Valdimarsson, ráðgjafi	13:40 Meðhöndlun frá veiðum til markaðar, Sæmundur Elíasson, Matís		13:30 Okkar rannsóknir - ykkar hagsmunir, Geirpríður Alfreðsdóttir, Rannsóknarnefnd samgönguslysa
13:50 Fyrirvar og upplýsingamiðlun opinberra stofnana - Guðmundur Þórðarson, Hafrannsóknastofnun - Jón Halldórsson, Fiskistofa - Helga Gunnlaugsdóttir, Matís	13:55 Fresh Cod loins vs Refresh, Béatrice Hochard, CARREFOUR		13:40 Áskoranir í öryggismálum, Björn Halldórsson, Þorbjörn
14:05 Skráning og miðlun upplýsinga: Hvað þarf að gera og hvað þarf að varast? Kristján Þórarinnsson, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi	14:15 Umræður		13:50 Sýsavarnaskóli sjómanna, Þráinn Skúlason, Sýsavarnafélagið Landsbjörg
14:20 Umræður			14:00 Hvað geta sjómannasamtökin gert til að bæta öryggismál sjómanna? Árni Bjarnason, Félag Skipstjórnarmanna

Kaffi: 14:45-15:15

Málstofa A2 Silfurberg A		Málstofa B2 Silfurberg B	Málstofa C2 Kaldalón
Mikilvægi rannsókna og nýsköpunar fyrir sjávarútveginn Umsjónarmaður: Daði Már Kristjánsson, Háskóli Íslands Málfostustjóri: Hólmfríður Sveinsdóttir, Iceprotein	Upplýsingatekni í sjávarútvegi Umsjónarmaður: Jóhann Vignir Gunnarsson, Þorbjörn Málfostustjóri: Stella Björg Kristinsdóttir, Marel		Þróun og framtíðarsýn í gæðamálum Umsjónarmaður: Helga Franklinsdóttir, Icelandic Málfostustjóri: Fríðrik Blomsterberg, Iceland Seafood
15:15 Umhverfi nýsköpunar í sjávarútvegi í Noregi – Hvað geta Íslendingar lært af Norðmönnum? Sigfríður Þormódsdóttir, Innovasjon Norge	15:15 Hugbúnaður: Stjórntækni og yfirsýn stjórnenda, Benedikt Fríðbjörnsson, Viðskipta- og tölvulausnir		15:15 Hvað eru þessi gæðamál? Erlendur Stefánsson, HB grandi
15:45 Rannsóknasjóðir – tækifæri til nýsköpunar í sjávarútvegi, Anna Kristín Danielsdóttir, Matís	15:30 Bestun á vinnslu flaka og hagkvæm samsetning á mismunandi vinnslulína, Ómar Enoksson, Vísir hf.		15:30 Sjálfvirknivæðing gæðamats í fiskvinnslu, Kristín Anna Þórarinsdóttir, Marel
16:05 Pallborðumræður með fulltrúum frá greininni, stofnunum og háskólum (sjá nöfn þátttakenda efst til hægri)	15:45 Áskoranir í þróun bönuskerfja, Heiðmar Guðmundsson, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi		15:45 Hugbúnaður í gæðastjórnun (skráning gagna og gæðaskoðanir í vinnslu). Er kerfið nógu gott?
16:20 Kynningar	16:00 Vtínn - Gögn í sjávarútvegi, Daniel Agnarsson, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi		- Innova við gæðastjórnun. Hvernig reymist kerfið? Alda Gylfadóttir, Eimhamar Seafood
16:30 Pallborðumræður með fulltrúum frá greininni, stofnunum og háskólum (frh.)	16:10 How a retailer communicates sustainability to their customers, Anna-Maria Oikonomou, METRO AG		- Rápiðish, Íris Ósk Jóhamsdóttir, Sjávaríðjan
	16:30 Umræður		- Gæðaskoðun sjófrystra aturða, Steindór Sverrisson, Norebo Europe

Móttaka í boði Íslandsbanka: 17:00



SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN

Mikilvægi rannsókna og nýsköpunar fyrir sjávarútveginn Þátttakendur í pallborðsumræðum
Fulltrúar atvinnugreinarinnar: - Sindri Sigurðsson, Sildarvinnslan - Erla Pétursdóttir, Vísir
Fulltrúar stofnanna: - Sveinn Margeirson, Matís - Sigurður Guðjónsson, Hafrannsóknastofnun
Fulltrúi háskóla: - Ágísta Guðmundsdóttir, Háskóli Íslands

FÖSTUDAGURINN 17. NÓVEMBER

Málstofa A3 Silfurberg A 	Málstofa B3 Silfurberg B 	Málstofa C3 Norðurljós
Hugverkaréttur í sjávarútvegi – Af hverju að verja hugverk? Umsjónarmaður: Sigrún Mjöll Halldórsdóttir, matvælafræðingur Málstofustjóri: Afi Jónsson, Háskólinn í Reykjavík 09:30 Það eru ekki fleiri fiskar í sjónum, Jón Gunnarsson, Einkaleyfastofa 09:50 Hvaða þýðingu hefur vernd? Ásdís Magnúsdóttir, Árnason faktor 10:10 Nýstárlegar lækningavörur úr Þorski á alþjóðamarkaði – Hvað þurfi til? Ágústa Guðmundsdóttir, Zymetech 10:20 Mikilvæg hugverkavarnar fyrir fjárfesta, Hilmar Bragi Janusson, Genis 10:40 Umræður	Umbúðir og áhrif þeirra á umhverfið Umsjónarmaður: Sverrir Guðmundsson, SG Consulting Málstofustjóri: Jóhann Oddgeirsson, Samhentir 09:30 Umbúðir í íslenskum sjávarútvegi, þróun síðustu ára og væntanleg framþróun, Birgir Fannar Birgisson, Oddi prentun og umbúðir 09:45 Towards a smarter supply chain, Jurgita Girzadiene, Snurfit Kappa 10:00 Notkun ofurkælingar á fiski til að minnka þyngd umbúða og kelimíðils, Anton Helgi Guðjónsson, Skaginn3X 10:15 Packaging and its impact on the environment, Peter Wittle, Tripack Plastics 10:30 Umbúðir – áhrif á umhverfi og matvælaöryggi, Hrönn Ólína Jörundsdóttir, Matis 10:45 Umræður	Menntun í sjávarútvegi Umsjónarmaður: Gísli Kristjánsson, HB Grandi Málstofustjóri: Rannveig Björnsdóttir, Háskólinn á Akureyri 09:30 Menntun í sjávarútvegi – almenn og sértæk, Heiðrún Lind Marteinsdóttir, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi 09:45 Ferðast í huganum - Notkun 360° sýndarveruleika vídeóefnis við kennslu, Árni Gunnarsson, Skotta Film 10:00 Menntun í íslenskum sjávarútvegi og samanburður við önnur lönd, Eyjólfur Guðmundsson, Háskólinn á Akureyri 10:15 Menntun – alþjóðlegt nám – hvað hefur Ísland fram að færa? Daði Már Kristófersson, Háskóli Íslands 10:30 Af hverju ætti ungt fólk að mennta sig fyrir störf í sjávarútvegi? Anna Borg Friðjónsdóttir og Guðný Halldórsdóttir, UFSI 10:45 Umræður


Kaffi 11:20-11:50

Málstofa A4 Silfurberg A 	Málstofa B4 Silfurberg B 	Málstofa C4 Norðurljós
Hugverkaréttur í sjávarútvegi – Hvernig skal verja hugverk? Umsjónarmaður: Sigrún Mjöll Halldórsdóttir, matvælafræðingur Málstofustjóri: Borgþíldur Erlingsdóttir, Einkaleyfisstofa 11:50 Hvernig hagnýta fyrirtæki hugverkaréttindi sín? Tatjana Latinovic, Össur 12:05 Einkaleyfi eða viðskiptaleyndarmál, Júlíus B. Kristinsson, ORF Lftækni 12:20 Tækniveita á Íslandi - TTO, Einar Mántýllá, Auðnu 12:35 Sameiginleg hugverk, Hafliði Kristján Lórusson, Fjeldsted & Blöndal lögmansstofa sfl 12:50 Vörumerkið Iceland, Bergþóra Halldórsdóttir, Samtök atvinnulífsins 13:05 Umræður	Tækifæri og áskoranir á mörkuðum Umsjónarmaður: Guðný Káradóttir, Íslandsstofa Málstofustjóri: Runólfur Geir Benediktsson, Íslandsbanka 11:50 Friverslunarsamningar með sjávarafurðir og tollkvótar, Bergþór Magnússon, Utanríkisráðuneytið 12:05 The Dragon's changing appetite: China's transition from a seafood exporter to an importer, Beyhan Bektasoglu de Jong, Rabobank 12:25 Brexit - risk or opportunity, Simon Dwyer, Seafood Grimsby & Humber 12:45 Geta viðtæk flutningskerfi aðstoðað við að opna nýja markaði fyrir sjávarafurðir frá Íslandi? Gunnar Kvaran, Samskip 13:00 Árangurshvatar og nýjar nálganir á samkeppnismörkuðum, Sigurður Bogason, Markmar 13:15 Umræður	Fjórða iðnbyltingin – Sjávarútvegur Umsjónarmaður: Sverrir Guðmundsson, SG Consulting Málstofustjóri: Jón Birgir Gunnarsson, Skaginn3x 11:50 Gervigreind – tækifæri í sjávarútvegi, Yngvi Björnsson, Háskólinn í Reykjavík 12:10 Upplýsingaöflun, framsetning og miðlun gagna innan skips sem og við land, Richard Már Jónsson, Brimrún 12:25 Hönnun á fiskiskipum, Hjörtur Emilsson, Navis 12:40 Þróun frá veiðum til vinnslu, Ingólfur Arnason, Skaginn 3X 12:55 Þróun í bolfskivinnslu, Helgi Hjálmarsson, Valka 13:10 Umræður

Kaffi 13:40- 14:10


 Norðurljós	Norðurljós
Fiskeveiðisjórnarkerfi og veiðigjöld annarra þjóða Umsjónarmaður: Daði Már Kristófersson, Háskóli Íslands Málstofustjóri: Heiðrún Lind Marteinsdóttir, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi 14:10 Yfirlit yfir veiðigjöld í Norður-Atlantshafi, Gunnar Ólafur Haraldsson, Intelleon 14:30 Fiskeveiðisjórnarkerfi og veiðigjöld á Grænlandi, Hilmar Ögmundsson, Fjármálaráðuneyti Grenlands 14:50 Fishing reform in the Faroe Islands, Hans Ellefssen, Fiskimálaráðið 15:05 Fisheries management is politics - A comparison of Iceland, Norway and The Faroe Islands, Óli Samró, FAREC International 15:20 Umræður 15:40 Lokaávarp, Gunnar Már Sigurfinnsson, Icelandair Cargo 15:45 Ráðstefnulok	Aðalfundur Sjávarútvegsráðstefnunnar chf. 16:00 Kosning nýrra fulltrúa í stjórn. Skipulag Sjávarútvegsráðstefnu 2018 o.fl.

Ráðstefnusalir í Hörpu



2ND LEVEL


SCALE 1:350 / A3



1ST LEVEL

SCALE 1:350 / A3

Sýningarrými, veitingar og móttaka Íslandsbanka



1. Íslandsbanki (4 m x 2 m)
2. Oddi (3 m x 2 m)
3. Samskip (3 m x 2 m)
4. Valka (2 m x 2 m)
5. MarkMar (2 m x 2 m)
6. Skaginn (2 m x 2 m)
7. Samhentir (2 m x 2 m)
8. Matís (2 m x 2 m)
9. Íslandsstofa (2 m x 2 m)
10. Gamma (2 m x 2 m)
11. Skólar (4 m x 2 m)
12. Sæplast (2 m x 2 m)
13. Curio (2 m x 2 m)
14. Hampiðjan (2 m x 2 m)
15. TM og framúrstefnuhugmyndir (6 m x 2 m)



Ferskt alla leið



ENNEW / SIA / NVB484

Frá því að fiskurinn kemur í netið og þar til hann byrjar að snarka á pönnu meistarakokks í París þarf hann að ferðast langa leið.

Fersk og viðkvæm vara eins og íslenskt sjávarfang kallar á nærgætna meðhöndlun og fagmennsku. Við hjá Samskipum bjóðum sjávarútvegsfyrirtækjum virðisaukandi lausnir og margþætta þjónustu sem tryggir að varan komist til skila á hagkvæman og öruggan hátt.

samskip


Saman náum við árangri

www.samskip.com

Svifaldan 2017

Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar

Verðlaunin Svifaldan eru veitt fyrir þá Framúrstefnuhugmynd sem þykir best sameina nýsköpun, frumleika og raunhæfni sem leiða muni til virðisauka, aukinnar sjálfbærni og bættrar ímyndar íslensks sjávarútvegs. Nú í ár er í sjöunda sinn keppt á Sjávarútvegsráðstefnunni um verðlaunagripinn sem gefinn er af TM. Að þessu sinni bárust tíu tillögur í keppnina. Nokkrar hugmyndanna snúa að upplýsingatækni og bættri nýtingu gagna til að auka gæði og verðmæti afurða og miðlun til að efla gagnsæi og ímynd greinarinnar. Tvær hugmyndir horfa til vöruþróunar á matvælum fyrir neytendur. Ein hugmynd fjallar um umhverfisvæna hönnun umbúða og einnig eru hugmyndir um eldi innfæddra laxa og betri umgengni um strandir landsins (Mynd 1).



Mynd 1 Skipting áherslusviða framúrstefnuhugmynda 2017

Hér á eftir er kynning á öllum hugmyndunum, en þrjár þeirra verða valdar til að fá sérstaka viðurkenningu og ein þeirra mun hljóta Svifölduna og titilinn Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2017.

The Fisheries Manager

Nútíma fiskveiðistjórnun er ung grein innan stjórnsýslunnar og hefur á undanförnum áratugum verið að slíta barnskónum víða um heim. Eins og við má búast hafa sumar þjóðir náð betri árangri en aðrar og í dag er gjarnan litið til íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins, ásamt þeim upplýsinga- og eftirlitskerfum sem styðja við stjórnunina, sem dæmi um velgengni. Hvaða aðferð sem hefur orðið fyrir valinu við fiskveiðistjórnun hefur krafist mikilla fjárfestinga af hálfu þjóða í upplýsinga- og eftirlitskerfum. Fyrirtækið Fisheries Technologies hefur frá árinu 2012 unnið að þróun á The Fisheries Manager, sem er nýtt alhliða upplýsingakerfi fyrir fiskveiðistjórnun og byggir kerfið á áratuga fjárfestingu og reynslu Íslendinga á þessu sviði. Með tilkomu kerfisins geta aðra þjóðir nú tileinkað sér þekkingu og reynslu sem hefur orðið til á þessu sviði hérlandis og fyrir aðeins brot af þeirri fjárfestingu sem hingað til hefur þurft. Fisheries Technologies hefur þróað hugbúnað sem kallast FishTech Framework og lýsir hugbúnaðurinn hvernig árangursrík fiskveiðistjórnun þ.e.a.s. gagnasöfnun, upplýsingakerfi og eftirlit, virkar. Hugbúnaðurinn lýsir innviðum fiskveiðistjórnunar og inniheldur öll upplýsingakerfi sem þarf til slíks reksturs. Að auki inniheldur hugbúnaðurinn helstu verkferla sem þörf er á innan vel útfærðar fiskveiðistjórnunar sem auðveldar þekkingaryfirfærslu. Hugmyndin felst í því að gera íslenska þekkingu á fiskveiðistjórnun

að útflutningsgrein. Íslendingar eru á meðal fremstu þjóða á sviði fiskveiðistjórnunar í heiminum í dag og það er því við hæfi að nýjungar á þessu sviði komi héðan.

Staða hugmynda: Framleiðsla, þjónusta eða vara fyrirtækis
Tengiliður: Vilhjálmur Hallgrímsson, Fisheries Technologies ehf.

Víst- og erfðavænt eldi innfæddra laxa í fjörðum sem í falla laxveiðar

Hugmyndin er í stuttu máli sú að nota innfæddan lax og nánar tiltekið, lax sem klakist hefur út í viðkomandi laxá. Það eru þekktar aðferðir til að fanga laxaseiði í ám, þessum seiðum yrði komið fyrir í ferskvatnaskvíum á landi þar til þau hafa náð tiltekinni stærð og þegar náttúran kallar á seiðin að halda til sjávar eru þau flutt í sjókví í firðinum. Þar eru þau alin líkt og lax í hefðbundnum kvíum í dag.

Þessi aðferð mun nýtast til að bæta ímynd greinarinnar, þar sem við gætum þá selt innfæddan „erfðahreinan“ lax, sem hefur klakist í tærum laxám og gengið í hreinan sjó um þúsundir ára; í stað þess að selja erlendan lax sem alinn er við strendur Íslands.

Afraksturinn gæti orðið tvíþættur þ.e. hreinleiki og herra verð. Helsta gagnrýnin verður líklega að erlendir stofnir skili meiri framleiðni (vaxi hraðar) en í staðinn ætti að hafa eldismagnnið hóflegt og ýta undir þá sölupunkta að neytandinn sé að fá vistvæna, sjálfbæra og hreina vöru, án þess að verið sé að valda erfðamengun og öðrum usla í náttúrulegu umhverfi laxanna.

Staða hugmynda: Á frumstigi
Tengiliður: Lárus Jón Guðmundsson, Hugall ehf

Ný hagkvæm ker fyrir fersk matvæli – tvíburaker

Sæplast, ásamt samstarfsaðilum, hafa unnið að þróun nýrra kera fyrir fersk matvæli – svokölluð tvíburaker. Markmiðið er að þróa ker sem minnka til muna flutnings- og geymslukostnað á sjó og landi, varðveita gæði afurðanna jafn vel eða betur og viðhalda stöflunaröryggi miðað við núverandi ker fyrir hvítisk og frauðkassa fyrir eldisfisk. Kerin eru upphaflega hönnuð fyrir ferskan fisk, en fyrir þessa lausn gætu verið mjög stórir aðrir markaðir fyrir fersk matvæli. Nýnæmi tvíburakeranna felst einkum í hvernig kerin staflast saman tómt, og notkun þeirra sparar því verulega pláss í flutningi með tilheyrandi jákvæðum umhverfisáhrifum. Þá munu kerin verða unnin úr 100% endurvinnanlegu hráefni, þ.e.a.s. polyethylene.

Tvíburakerin eru 7 cm grynri en hefðbundin 460 litra ker, sem tryggir minni þrýsting og betri meðferð afla og afurða, auk þess sem efra ker lokar nær algjörlega neðra keri við stöflun.

Nýju tvíburakerin eru frumleg, virðisaukandi lausn, sem nýtist til sjálfbærari, umhverfisvænni flutninga á ferskum matvælum. Nýju kerunum er ætlað að svara auknum áhuga ferskfisksframleiðenda á að auka hagkvæmni og minnka umhverfisáhrif flutninga með ferskfisk.

Staða hugmynda: Framleiðsluvara fyrirtækis, rannsóknarverkefni og nemendaverkefni

Tengiliður: Dagur Óskarsson, Sæplast Iceland ehf.

iTrawl myndavélar fyrir togveiðarfæri

Nánast allir fiskimenn hafa gert sér grein fyrir hversu gagnlegt það er að hafa myndavélar á veiðarfærinu og geta séð hvernig veiðarfærið og bráðin hagar sér. iTrawl myndavélabúnaðurinn gerir þetta mögulegt, en honum er hægt að koma fyrir á togveiðarfærum. Búnaðurinn tekur upp halið og skilar upplýsingum á SD minniskort sem geymt getur 12 klst af upptökum. Búnaðurinn er höggheldur og þolir að fara inn rennuna með lengjum, lenda á sjávarbotni ef trollið festist og tekur höggið ef grjót kemur inni trollið. iTrawl snýst um meira en að taka upp myndir því sömuleiðis þarf að vinna úr upplýsingum sem þær skila og nýtist það í frekari veiðafæraþróun. Gögnin má einnig nýta til kennslu og útskýringa. Hönnun myndavélakerfisins miðast við að kostnaðurinn við smíðina verði ekki hærri en verð aflanema. Til lengri framtíðar er hugmyndin að þróa búnaðinn þannig að með honum verði unnt að fylgjast með veiðarfærinu í rauntíma, en í því samhengi eru aðstandendur iTrawl að fylgjast með þróun hjá fyrirtækjum eins og Hampiðjunni og Naust Marine í að senda gögn í gegnum kapal.

Staða hugmyndar: Framleiðsla, þjónusta eða vöru fyrirtækis
Tengiliður: Guðmundur Vigfússon

Hreinar strendur-Hrein ímynd

Hugmyndin snýst um að safna og umbreyta rusli og drasli sem rekur á fjörur landsins þannig að það fái nýtt endurunnið líf. Fjöldi samstarfsaðila kemur að verkefninu m.a. Landvernd sem sér um fræðsluþáttinn/skráningu þátttökuaðila/vefsíðu umsjón/hönnun kynningar efnis og fl. Öllum sveitarfélögum landsins verður boðið að taka þátt í verkefninu, með það að markmiði að þeirra verstu fjörur verði hreinsaðar af því sem þar er að finna og hráefnið flutt til Hveragerðis og endurunnið í verksmiðju PureNorth Recycling, í endurvinnanlega hrávöru til annarra nota. Verkefnið mun sýna umheiminum hversu umhugað Íslendingum er um það að hafið og strendur landsins séu hreinar. Gagnagrunnur og vefsíða verða sett upp í tengslum við verkefnið sem verður flaggað um allan heim til að sýna hve ábyrg íslenska þjóðin er í umgengni sinni um höf og strendur.

Staða hugmyndar: Á frumstigi, framleiðsluvara fyrirtækis, rannsóknarverkefni og nemendaverkefni
Tengiliður: Tómas J. Knútsson, Blái herinn

Samspil fisks og kartafla á nýjan hátt

Hugmyndin byggist á nýrri nálgun vöruþróunar þar sem unnið er með samspil fisks og kartafla á nýjan hátt. Afurðin er "Fish & Chips" í poka. Í pokanum, sem svipar til kartöfluflogupoka, væru 70% kartöfluflogur en 30% harðfiskur. Ávinningur neytandans er að í stað þess að vera eingöngu með poka fullan af kolvetnum eins og staðreyndin er þegar keyptar eru kartöfluflogur, þá er hann nú komin með "fullkomna máltíð" í formi fisks og kartafla, eða "fish & chips". Fyrir þann sístækkandi hóp sem hugsar um hollustu og tengir við "less carbs, more protein" þá er þetta fullkomin máltíð. Varan er ekki til á markaðnum í þessu formi. Horft er til þess að komast á "premium potato chips" hilluna í smásöluverslunum, og fá evrópskan dreifingaradila sem samstarfsaðila. Nýjungin felst í að sleppa fordómum um gagnvart harðfiski, bragðbæta hann og selja með kartöflum í formi "Fish & Chips" 70/30. Dúndur-hollur og bragðgóður skyndibiti í poka.

Staða hugmyndar: Á frumstigi, framleiðsla, þjónusta eða vara
Tengiliður: Rúnar Ómarsson, VAR ehf

Lengra geymsluþol ferskra flaka með tómátplöntuseyði

Hugmyndin snýst um að þurrka og sjóða afskurð af tómátplöntum og nýta svo seyðið til að auka geymsluþol ferskfiskflaka. Í tómátplöntum ásamt öðrum plöntum má finna ýmskonar lífvirk efni sem hafa bakteríudrepandi áhrif. Ef hægt væri að lengja geymsluþol á ferskum fiski um t.d. 2 daga væri möguleiki á að spara ca. 200 kr/kg í flutningskostnað sem og kolefnisspor myndi minnka. Nú fyrir eru til efni sem hægt er að nota til að lengja geymsluþol í ferskum fisk, en þau eru ekki "lífræn" og eru því ekki vinsæl á markaði.

Hér er möguleiki á að búa til afurð úr úrgangi sem annars yrði ekki notaður. Til að byrjað með væri þetta atvinnuskapandi og eins og áður kemur fram gæti þetta bætt rekstur fiskeldis, sér í lagi smærri bleikjuframleiðenda. Ef varan myndi virka sem skildi myndi vegalengdir frá Íslandi og til markaðar ekki skipta jafnmiklu máli og áður hefur verið. Einnig viðheldur þetta þessum "náttúrulega" stimpli á íslenskri afurð og væri sennilega hægt að fá allar vottanir þrátt fyrir notkun seyðisins. Þá væri möguleiki á að minnka kolefnisspor flutninga á ferskum fiski.

Staða hugmyndar: Rannsóknarverkefni
Tengiliður: Alex Freyr Hilmarsson

Rekjanleiki veiðislóðar

Hringormur er viðvarandi vandamál í ferskum fiski og mikill kostnaður felst í því að fjarlægja hann og alltaf áhætta á að eitt-hvað sleppi fram hjá sem skaðar ímynd og markaðssetningu fisks frá Íslandi. Ýmsar rannsóknir eru til um útbreiðslu hringorms og auðvelt er að búa til kort með mörkum ormaslóðar. Hugmyndin er hugbúnaður sem vinnur úr upplýsingum um veiðislóð skipa með aðgangi að AIS staðsetningarkerfi fiskiskipa við strendur Íslands. Tilgangurinn er að skapa tækifæri fyrir kaupendur til að velja betra hráefni á fiskmarkaði og fyrir báta til að fá herra verð með tilliti til meiri gæða út frá minni líkum á hringormi í fisknum.

Með tengingu við uppboð fiskmarkaðanna geta kaupendur valið t.d. veiðisvæði og/eða hversu hátt hlutfall af skráðu ferli veiðiferðar væri utan ormaslóðar. Einn af kostunum við svona kerfi er að hægt væri að hafa kort ormaslóðar gagnvirk með því að leyfa kaupendum að kvarta inn í kerfið á þann hátt að ef þeir kaupa afla af bát sem var samkvæmt skráðri veiðislóð, utan ormaslóðar. Þá mundi sú slóð uppfæra ormaslóðarmörkin og hægt væri að læra á breytileika með t.d. tilliti til árstíma. Skráning veiðislóðar gæti einnig fylgt fisknum á markað og neytandinn og vottunaraðilar gætu nálgast upplýsingar um hvar og hvenær fiskurinn var veiddur með t.d. QR merkingu. Skráð veiðislóð mun einnig nýtast þeim sem landa afla í beinum viðskiptum og til eigin vinnslu til markaðssetningar og innra eftirlits.

Staða hugmyndar: Frumstig
Tengiliður: Axel Helgason

State of Fish

State of Fish (www.stateoffish.is) er miðstöð fyrir miðlun upplýsinga frá íslenskum sjávarútvegi um allt það sem varðar sjálfbærni fiskmetis frá Íslandi. Fiskveiðar á Íslandi, fiskveiðistjórnun, þróun veiðarfæra, þróun orkusparandi hugbúnaðar, þróun vistvænna skipa – allt eru þetta íslensk verkefni sem eru í fararbroddi á heimsmælikvarða. Samt kemur það sjaldan fram. State of Fish á sér mjög skýra fyrirmynd sem hefur þegar sannað gildi sitt og aðferðafræði. Fyrirmyndin er sótt til danskra orku-

fyrirtækja sem tóku sig saman og mynduðu State of Green til að markaðssetja Danmörk sem leiðandi ríki í framleiðslu, miðlun og nýtingu grænnar orku.

Í dag er engin heildstæð framsetning á vegum greinarinnar, kynning eða markaðssetning á hugviti, þekkingu, reynslu eða snilld einstaklinga og fyrirtækja sem vinna aukin verðmæti úr hráefnum úr hafinu. Á State of Fish verður hægt að gera það. Efnid sem þar kemur inn, er frá fyrirtækjum og stofnunum í íslenskum sjávarútvegi, bæði beint og unnið fyrir birtingu á ensku. State of Fish segir frá lausnum íslenskra fyrirtækja á sviði hug- og vélbúnaðar sem auka verðmæti hráefnis með vistvænum og sjálfbærum hætti. State of Fish segir nýsköpun í allri virðisæðju sjávarútvegsins, segir sögur með samfélagsmiðlum af fólkinu í sjávarútvegi.

*Staða hugmynda: Frumstigi
Tengiliður: Kristinn Hjálmarsson*

Íslenskt sjávarfang á Blockchain

Blockchain, tækni gerir það að verkum að upplýsingar geta skipt um hendur án miðstýringar. Upplýsingar sem eru vistaðar í Blockchain eru 100% rekjanlegar, tæknin sem slík er ókeypis og það er algjört aðgengi að upplýsingunum. Þó að Bitcoin sé þekktasta afurð blockchain, þá hafa mörg stór og þekkt fyrirtæki verið að nýta tæknina til þess að senda upplýsingar og eða verðmæti á milli aðila án aðkomu miðstýrðra afla. Upplýsingarnar fara dulkóðaðar á milli aðila og það er tryggt að það er útilokað að eiga við upplýsingar í gegnum kerfið.

Hugmyndin er að nýta blockchain til þess að halda utanum upplýsingar um sjávarfang á Íslandi. Þannig væri hægt að búa til rekjanleikakerfi sem er í senn algjörlega gagnsætt, sem getur verið ókeypis og án utanaðkomandi aðkomu beint til neytenda. Nú þegar er haldið utanum viðamiklar upplýsingar

um afla frá veiðum til vinnslu. En hins vegar brotnar upplýsingakeðjan yfirleitt á milli vinnslu og viðskiptavinar. Ný tækifæri geta myndast til að vera með enn nákvæmari skráningu í gegnum blockchain tæknina heldur en nú er viðhafin, auk þess sem með tækninni væri hægt að staðfesta skráningar eins og hitastig og staðfesta vottanir (ISO, MSC o.fl.).

Hugmyndin snýst í stuttu máli um að nýta alla þá vinnu sem hefur verið lögð í tryggja rekjanleika til þess að búa til raunveruleg verðmæti. Verðmæti sem tryggir sérstöðu Íslensks sjávarfangs, sem tryggir gæði með gangsæi og gerir það að verkum að það sé hægt að stunda milliliðalaus viðskipti með sjávarfang. Auk þess þá væri mögulegt að setja upplýsingar um eldunaraðferðir og uppskriftir á sjávarfangi sem myndu skila sér rafrænt til viðskiptavina.


*Staða hugmynda: Á frumstigi
Tengiliður: Ingi Björn Sigurðsson*

Mat á framúrstefnuhugmyndum – Svifaldan 2017


Framúrstefnulegasta hugmyndin mun hljóta Svifölduna sem er verðlaunagripur, sem er gefin af TM, en jafnframt verður veitt verðlaunafé og viðurkenningar til þeirra sem standa að þremur bestu hugmyndunum að mati dómnefndar. Þeir sem vilja fá frekari upplýsingar um tillögurnar og höfunda er bent á að hafa samband við Valdimar Gunnarsson (netfang: valdimar@sjavarutvegur.is).

Dómnefnd Framúrstefnuhugmynda Sjávarútvegsráðstefnunnar 2017:

Guðrún Ólafsdóttir, Ásgeir Ingvi Jónsson, Hjálmar Sigurþórsson, Karl Már Einarsson og Jónas R. Viðarsson



Svifaldan, verðlaunagripur Framúrstefnuhugmynda Sjávarútvegsráðstefnunnar.



Sjávarútvegsgagnagrunnur Deloitte

Allt um rekstur og afkomu
sjávarútvegsfélaga á Íslandi

sjá nánar á
deloitte.is

Er hægt að fimmfalda útflutningsverðmæti bláa hagkerfisins? _



Málstofustjóri:
Edda Hermannsdóttir
Samskiptastjóri
Íslandsbanki



Sveinn Margeirsson
Forstjóri
Matís



Einar Kr. Guðfinnsson
Stjórnarformaður
Landssamband
fiskeldisstöðva



Stella Kristinsdóttir
Markaðsstjóri í fiskiðnaði
Marel



Berta Daniëlsdóttir
Framkvæmdastjóri
Íslenski sjávarklasinn



Hjálmar Sigurþórsson
Framkvæmdastjóri
Tryggingarmiðstöðin

Ráðstefnusalur: Dagur:
Silfurberg **Fimmtudagur**

Tímasetning:
10:15-12:00

Sjávarútvegur hefur verið ein helsta útflutningsgrein landsins. veiðar og vinnsla er grunnform sjávarútvegs sem staðið hefur að baki stórum hluta útflutningstekna Íslands síðustu áratugi. Ofan á þann grunn hafa svo byggst upp haftengdar atvinnugreinar sem eru orðnar mikilvægur þáttur af íslensku atvinnulífi. Má hér nefna framleiðslu tækja og véla til vinnslu sjávarafurða, líftækni, fiskeldi, sjávarfengd ferðaþjónusta o.fl. Í erindum verður fjallað um möguleika í verðmætasköpun í haftengdri starfsemi og hvernig þannig má auka útflutningstekjur og jafnframt hvernig best er að standa að uppbyggingunni.



Umsjónarmaður:
Jón Þrándur Stefánss.
Yfirmaður greininga
Markó Partners

Fimmföldun verðmæta – hvað þarf til?

Fjallað verður um tækifæri til aukinnar verðmætasköpunar og þeirra skilyrða sem þarf að skapa til að fimmfalda megi verðmætasköpun í greininni. Hvaða fjárfestinga er þörf á tímum tæknilegra umbyltinga? Er þörf á nýju AVS átaki, til að hægt sé að fylgja eftir góðum árangri síðustu ára?

Hafsjór tækifæranna

Farið verður yfir þróunina í fiskeldinu og stöðu greinarinnar núna. Spurt verður hversu umfangsmikið eldið verði og hvað muni ráða þróuninni á næstu árum. Hvernig munu tæknibreytingar hafa áhrif á vöxt um umsvif greinarinnar og hvers virði getur greinin orðið í samanburði við aðrar útflutningsgreinar í landinu. Hvert á að vera hlutverk stjórnvalda við uppbyggingu fiskeldisins? Hvar ætlum við að taka okkur stöðu? Ætlum við að verða þátttakendur í helsta vaxtarbroddi tækifæranna í matvælaframleiðslu í heiminum, eða láta þau tækifæri okkur úr greipum ganga?

Verðmætasköpun í framleiðslutækni

Þróun í framleiðslutækni er nú hraðari en nokkru sinni fyrr og róbótar og aðrar tækniframfarir sem tengjast fjórðu iðnbyltingunni gegna sífellt stærra hlutverki. Þessar tækniframfarir hafa ekki einungis áhrif á verðmætasköpun í sjávarútvegi heldur skapa jafnframt ný atvinnutækifæri innan hátæknigeirans.

Nýir sprotar, tækifærið er núna

Í Sjávarklasnum hefur fjöldi frumkvöðlafyrirtækja í haftengdum greinum skapað sér vettvang til athafna og vaxtar. Athygli vekur hve breið sú flóra nýrra frumkvöðlafyrirtækja er sem tengist hafinu og stöðugt fjölgar í hópnum. Miklu skiptir að vel sé hlúð að þessum fyrirtækjum og vakin sé athygli englafjórfa og annarra fjórfa á þessum nýju fyrirtækjum. Í erindinu verður gefin mynd af þeim fjölbreyttu fyrirtækjum sem eru að verða til og hvernig gengið hefur að útvega áhættu- eða rannsóknarfé til þeirra.

Afhending framúrstefnuverðlauna

Kynnt verður niðurstaða dómnefndar um val framúrstefnuhugmynda. Veitt verða verðlaun sem nefnast Svifaldan og eru verðlaunin gefin af Tryggingamiðstöðinni sem er einn af helstu bakhjörllum Sjávarútvegsráðstefnunnar. Framúrstefnuverðlaununum er ætlað að vera hvatning til að efla samstarf og nýsköpun til að styðja við ímynd Íslands og arðsemi íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja og tengdra greina.

GAMMA
Ráðgjöf

Framúrskarandi greiningar og fyrirtækjaráðgjöf

Starfsmenn GAMMA Ráðgjafar hafa víðtæka þekkingu og langa reynslu af eignastýringu, kaupum og sölu fyrirtækja, fjármögnun og öllum helstu fjármálaafurðum.

London

25 Upper Brook Street
W1K 7QD London UK
+44 (0) 207 429 2200
gcm.co.uk

New York

1450 Broadway 38th Floor
New York NY 10018
+1 202 569 9995
gcmcapital.com

Reykjavík

Garðastræti 37
101 Reykjavík, Iceland
+(354) 519 3300
gamma.is

Zürich

Börsenstrasse 18
8001 Zürich
+41 43 456 26 70
gcmcapital.com

Kröfur kaupenda um upplýsingar – Erum við að gera nóg? —



Málstofustjóri:
Erla Kristinsdóttir
Verkefnisstjóri Icelandic
Sustainable Fisheries

Ráðstefnusalur: Dagur:
Silfurberg A Fimmtudagur

Tímasetning:
13:00-14:45

Kaupendur sjávarafurða á Vesturlöndum gera í vaxandi mæli kröfur um að sýnt sé fram á að afurðir séu ekki fengnar með ofveiði og að nýting sjávarauðlinda hafi ekki í för með sér óásættanleg áhrif á vistkerfi sjávar. Þessum kröfum fylgja kaupendur eftir með ýmsum hætti, svo sem með skoðun gagna og skýrslna og upplýsinga á vefsíðum, ásamt með fundum og samtölum af ýmsu tagi. Vaxandi þáttur er svo krafan um vottun þess að fiskistofnar séu nýttir á sjálfbæran hátt. Vottun á borð við MSC hefur náð mikilli útbreiðslu og vottun IRF gegnir mikilvægu hlutverki fyrir sjávarútveginn. Margir markaðir þurfa ekki vottun, en þeir vilja engu að síður ítarlegar og réttar upplýsingar um hafið, veiðarnar, vistkerfið, fiskveiðistjórnun og ástand fiskistofna. Markaðir krefjast þar til viðbótar ýmissa annarra upplýsinga og opinberrar staðfestingar á heilnæmi og innihaldi sjávarafurða.



Umsjónarmaður:
Helga Franklinsdóttir
Matvælafræðingur
Icelandic



Óskar Sigmundsson
Forstjóri
Marós GmbH

Kröfur kaupenda: hverju eru þeir að leita að, hvar og á hvaða formi?

Kröfur kaupenda um upplýsingaflæði, uppruna hráefnis, rekjanleika, vinnsluferli og margt fleira hefur vaxið og tími framleiðenda og seljenda í upplýsingaöflun og utanumhaldi aukist samfara því. Erum við að gera nóg eða eru kröfurnar kannski orðnar of miklar og hvernig mætum við því að þurfa að svara stöðugt fleiri spurningum við hverja nýja sölu? Er hægt að samræma og einfalda svörin til að mæta auknum kröfum?



Guðný Káradóttir
Forstöðumaður
Íslandsstofa

Traustvekjandi upplýsingar og tengslamyndun

Fjallað verður um hvernig staðið er að kynningarmálum undir merkjum Iceland Responsible Fisheries og hvernig vottunarverkefni IRF er kynnt. Markmiðið er að treysta stöðu íslenskra sjávarafurða og styrkja ímynd Íslands sem upprunaland sjávarafurða þar sem stundaðar eru ábyrgar fiskveiðar. Einnig verður komið inn á viðtækt hlutverk Íslandsstofu í upplýsingagjöf út á við um íslenskan sjávarútveg og sagt frá hverju kaupendur eru að leita eftir.



Guðrún Ólafsdóttir
Vísindamaður
HÍ og MarkMar

Upplýsingabörf neytenda - netvæðing miðlunar

Erindið fjallar um neytendakannanir sem framkvæmdar voru í 8 Evrópulöndum um upplýsingabörf neytenda varðanda sjálfbærni sjávarafurða, mikilvægi merkinga um sjálfbærni og notkun netsins við öflun upplýsinga um fiskafurðir. Verkefnið er styrkt af H2020 rannsóknaráætlun Evrópusambandsins.



Grímur Valdimarsson
Örverufræðingur
Ráðgjafi

Framtíð upplýsingavefsins Fisheries.is

Fjallað verður um upplýsingavefinn fisheries.is, æskilega þróun hans og hvers vegna hann verður að vera á ábyrgð hins opinbera og stofnana þess.



Guðmundur Þórðarson
Sviðstjóri
Hafrannsóknastofnun

FYRIRSVAR OG UPPLÝSINGAMIÐLUN OPINBERRA STOFNANA

Upplýsingar og svör um ástand fiskistofna, vistkerfi og áhrif fiskveiða

Á undanförunum árum hefur fyrirspurnum vottunaraðila til Hafrannsóknastofnunar fjölgað mikið og eru nú orðin umfangsmikill þáttur í umsögnum og ráðgjöf stofnunarinnar. Til að bregðast við þessu, sem og auknum kröfum um gagnsæi, hefur Hafrannsóknastofnun á undanförunum árum breytt framsetningu ráðgjafar. Jafnframt hefur áhersla á rannsóknir á áhrifum veiða á vistkerfið verið aukið og stefnt að frekari þróun ráðgjafar í þá átt.



Jón Halldórsson
Sérfræðingur á þjónustu-
og upplýsingasviði
Fiskistofa

Aðgengi að upplýsingum hjá Fiskistofu um kvóta, veiðar og afla

Eitt af hlutverkum Fiskistofu er söfnun og miðlun gagna. Undanfarin ár hefur aðgengi að gögnum verið stórbætt á vef stofnunarinnar. Í erindinu verður sýnt hvernig auðvelt er að nálgast upplýsingar á vef Fiskistofu um flest það sem varðar fiskveiðar Íslendinga.



Helga Gunnlaugsdóttir
Faglegur leiðtogi
Matís

Upplýsingar og svör um næringargildi og aðskotaefni í sjávarfangi

Ætlunin er að svara því hvar er hægt að finna upplýsingar og svör um næringargildi og aðskotaefni í sjávarfangi, hvernig er staðan á þeim gögnum (t.d. gæði og gloppur í gögnum), aðgengi gagnanna og hvort verið sé að gera nóg á þessu sviði fyrir mismunandi hagaðila t.d. sjávarútveginn, yfirvöld, kaupendur & markaðsaðila, neytendur.



Dr. Kristján Þórarinnsson
Stofnvistfræðingur,
Samtök fyrirtækja í
sjávarútvegi

Skráning og miðlun upplýsinga: Hvað þarf að gera og hvað þarf að varast?

Erlendir fiskkaupendur þurfa á upplýsingum að halda. Þær upplýsingar þurfa að vera í samhengi og fela í sér svör við þeim spurningum sem kaupendur spyrja. Mikilvægt er að vanda til verka við miðlun slíkra upplýsinga og tryggja að samantekt gagna byggist á kunnáttu og sérþekkingu og miði að því að veita skýr svör við helstu spurningum. Upplýsingamiðlunin þarf að vera á ábyrgð stjórnvalda sem bera ábyrgð á stjórn fiskveiða.

Aukin verðmætasköpun

Skaginn 3X hjálpar þér að bæta afurðagæðin og margfalda afköstin.

Skaginn 3X er leiðandi í hönnun og framleiðslu á
hátækniþúnaði fyrir matvælaframleiðslu.
Kynntu þér vörurnar okkar á www.skaginn3X.com


SKAGINN 3X



Málstofustjóri:
Sólveig Arna
Jóhannesdóttir
Markaðsstjóri
botnfiskafurða
HB Grandi



Sólveig Arna Jóhannesd.
Markaðsstjóri
botnfiskafurða
HB Grandi



Jón Prándur Stefánsson
Yfirmaður greininga
Markó Partner



Sindri Már Atlason
Sölustjóri ferskra afurða
HB Grandi



Sæmundur Elíasson
Doktorsnemi við
Háskóla Íslands og
sérfræðingur hjá Matís



Béatrice Hochard
Fish buyer
CARREFOUR

Ráðstefnusalur:
Silfurberg B

Dagur:
Fimmtudagur

Tímasetning:
13:00-14:45

Framleiðsla á ferskum afurðum hefur aukist samhliða bættri meðhöndlun, lengra geymsluþoli og auknum flutningsmöguleikum frá landinu. Ferskir hnakkar og flakabitar hafa alla jafna verið að skila hærra verði en sambærilegar frosnar afurðir. Frosinn fiskur hefur þó ákveðna kosti umfram þann ferska hvað varðar geymsluþol og afhendingaröryggi auk þess sem flutningskostnaður og kolefnisfótspor er oft lægra. Samkeppni á ferskfiskmarkaði hefur aukist með frosnum fiski sem þíddur er upp áður en hann kemur á neytendamarkað og jafnvel auglýstur sem ferskur. Velta má því fyrir sér hvort uppþídd vara verði enn algengari sem staðgengilsvara fyrir ferska með aukinni bitavinnslu um borð í frystitögurum og þróun í uppþíðingartækni.



Umsjónarmaður:
Gísli Kristjánsson
Framleiðslustjóri HB
Grandi

Inngangur málstofustjóra

Þróun í vinnslu á bolfski hefur í gegnum aldirnar byggst á tækni framförum í flutningum, vinnslu og geymslu og aðstæðum á mörkuðum. Í inngangi verður gerð grein fyrir erindum málstofunnar, þar sem leitast verður við að horfa fram á veginn út frá þróun þessar þátta síðustu ár.

Framtíð ferskfiskvinnslu frá markaðslegu sjónarmiði

Í þessu erindi verður fjallað um útflutning á ferskfiski m.t.t. magns og verðmæta. Rætt verður um stöðu ferskfisks frá markaðslegu sjónarmiði og varpað upp spurningum hvernig ferskfiskurinn standi sig í samkeppni við frystar og saltaðar vörur. Lög er áhersla á að sýna þróun á helstu mörkuðum og spá fyrir um framtíðina.

Flutningsleiðir fyrir ferskan fisk – tækifæri og ógnanir

Farið yfir flutningsleiðir fyrir ferskan fisk og þá þróun sem orðið hefur á tilhögun flutninga ferskra afurða síðustu ár. Farið yfir helstu áskoranir sem útflytjendur ferskra fiskafurða takast á við frá degi til dags. Rýnt í þarfir útflytjenda og kaupenda þegar kemur að flutningum í samhengi við getu flutningsaðila.

Meðhöndlun frá veiðum til markaðar

Í erindinu er fjallað um meðhöndlun fisks frá veiðum til markaðar. Rakin er virðisbætur fisks frá veiðum og fjallað um meðhöndlun út frá mismunandi þáttum, s.s. veiðarfærum, tegundum, vinnslu, flutningum og afurðum.

Fresh Cod loins vs Refresh

The aim of this presentation is to compare fresh and refresh cod, make a point on the current situation, on the market. Show the advantages and disadvantages between the 2 products on the French market and see what the future for the refresh is. Situation for supplier/customers/consumers.

AFLANN Í ÖRUGGA HÖFN!



Fiskmarkaðir FMIS í Reykjavík og á Akranesi eru afar álitlegir kostir fyrir alla sem stunda sjósókn, hvort sem um ræðir smærri báta eða togara. Aðstaðan er öll hin glæsilegasta:

- Góð viðlega, löndunarkranar, rafmagn og vatn
- Slippur og aðstaða til viðgerða
- Varahlutir í skip
- Veiðafærþjónusta
- Siglingatækjaþjónusta
- Fiskmarkaður
- Eldsneytisafgreiðsla
- Kæli-, frysti- og vörugeymslur
- Stutt í alla þjónustu og mikið úrval af afþreyingu
- Höfuðstöðvar helstu viðskiptafyrirtækja
- Heilsugæsla / Landspítali

Aflinn og áhöfnin eru í öruggum höndum
í Reykjavík og á Akranesi.

www.faxafloahafnir.is
www.facebook.com/faxaports



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports



Málstofustjóri:
Snæfriður Einarsdóttir
Forstöðumaður
öryggismála
HB Grandi

Ráðstefnusalur:
Kaldalón

Dagur:
Fimmtudagur

Tímasetning:
13:00-14:45

Farið verður yfir þróun slysavarna sjómanna á Íslandi á síðustu áratugum og hver drifkrafturinn hefur verið í framþróuninni. Gerð er grein fyrir hvernig staðið er að björgun sjómanna í dag og komið með tillögum um hvernig hægt er að bæta það starf enn frekar. Slysavarnir eru mikilvægur þáttur í öryggismálum sjómanna og fjallað er m.a. um hlutverk slysavarnaskóla sjómanna og öryggisstjóra í sjávarútvegsfyrirtækjum. Sjávarútvegsfyrirtæki hafa einnig hlutverki að gegna er varðar öryggismál sjómanna og hvernig geta þau stutt undir frekari framþróun í þessum málaflokki?



Umsjónarmaður:
Jóhann Vignir
Gunnarsson
Framleiðslu- og
markaðsmál
Þorbjörn



Gunnar Tómasson
Framkvæmdastjóri
og stjórnarformaður
Þorbjarnar hf.

Slysavarnir og öryggismál á sjó

Erindið fjallar um í stórum dráttum um þróun fræðslu og þjálfunar sjómanna í slysavörnum og öryggismálum á síðustu öld fram til dagsins í dag. Einnig verður farið yfir helstu breytingar á búnaði fiskiskipa við Ísland á sama tíma.



Ásgrímur L. Ásgrímsson
Framkvæmdastjóri
aðgerðarsviðs
Landhelgisgæsla Íslands

Landhelgisgæsla – áskoranir í nútíð og framtíð

Miklar breytingar hafa átt sér stað og munu halda áfram að eiga sér stað í því umhverfi sem Landhelgisgæslan starfar í. Má þar nefna aukningu í sjúkraflugi og þörf fyrir þyrlur stofnunarinnar, eftirspurn eftir framlagi á alþjóðlegum vettvangi, alþjóðleg samvinna, varnartengd verkefni, tækninýngar í eftirlitsstarfsemi og aukin umferð erlendra skipa við og umhverfis Ísland. Landhelgisgæslan hefur þurft og mun áfram þurfa að bregðast við nýjum áskorunum í breytilegu starfsumhverfi sínu.



Sigurður R. Viðarsson
Verkefnastjóri
sjóbjörgunarmála
Slysavarnafélagið
Landsbjörg

Hlutverk Slysavarnafélagsins Landsbjargar í leit og björgun á sjó og framtíðarsýn

Í erindi mínu mun ég fara yfir okkar hlutverk í leit og björgun á sjó. Einnig mun ég koma inn á fyrirhugaðrar endurnýjunar á björgunarskipum félagsins og þær samfélagslegu breytingar sem hafa orðið síðustu ár með þeim áskorunum sem Slysavarnafélagið Landsbjörg þarf að takast á samhliða því.



Geirprúður Alfreðsdóttir
Formaður
Rannsóknarnefndar
samgönguslysa

Okkar rannsóknir - ykkar hagsmunir

RNSA rannsakar sjóatvik og sjóslys með það að markmiði að fækka slysum og auka öryggi á sjó. Farið verður yfir nokkrar tölulegar upplýsingar um sjóslys, mikilvægi tilkynninga á sjóatvikum og sjóslysum. Hvað er hægt að gera til að auka öryggi sjómanna og bæta öryggismenningu sjómanna og fyrirtækja í sjávarútvegi.



Björn Halldórsson
Öryggisstjóri
Þorbjörn

Áskoranir í öryggismálum

Starf Öryggisstjóra er margþætt. Nútíma Öryggis- og heilbrigðisstefnur fyrirtækja fjalla um miklu meira heldur en umgengi á vinnustað og sýnileikafatnað. Í dag starfa u.þ.b. 40 þjóðerni í sjávarútvegi á Íslandi og hefur það í för með sér margar áskoranir. Erindið mun fjalla um þær áskoranir sem Öryggisstjórar sjávarútvegsfyrirtækja standa frammi fyrir í dag.



Práinn Skúlason
Aðstoðarskólastjóri
Slysavarnafélagið
landsbjörg

Slysavarnaskóli sjómanna

Fjallað verður um starfsemi slysavarnaskóla sjómanna, stofnun hans og áhrif á samfélagið.



Árni Bjarnason
Formaður Félags
skipstjórnarmanna

Hvað geta sjómannasamtökin gert til að bæta öryggismál sjómanna?

Mun ræða aðkomu stéttarfélaganna að öryggismálum sjómanna og hvað ég tel vænlegast að gera til að byggja ofan á þá jákvæðu þróun sem átt hefur sér stað undanfarin ár.

TIL HAMINGJU HB GRANDI

Við óskum HB Granda til hamingju með nýju karfavinnslulínuna og fyrstu tveggja strauma vatnsskurðarvélina

Starfsfólk Völku

Mikilvægi rannsókna og nýsköpunar fyrir sjávarútveginn



Málstofustjóri:
Hólmfríður Sveinsdóttir
Framkvæmdastjóri
Iceprótein

Ráðstefnusalur: Dagur:
Silfurberg A Fimmtudagur

Tímasetning:
15:15-17:00

Íslenskur sjávarútvegur hefur tekið miklum breytingum á undanförunum árum. Þessar breytingar ná til allra sviða frá veiðarfærum, kælingu og vinnslutækni til markaðsmála og vöruþróunar. Nýjar tegundir hafa bæst við og breytingar orðið á nýtingu rótgróinna tegunda. Allt bendir til þess að þessi þróun muni halda áfram af miklum krafti á komandi árum og áratugum. Hlutur rannsókna og nýsköpunar í þessari þróun er óumdeildur og mun verða ráðandi um framtíðarþróun. Það skítur því skökku við hve stutt á veg við Íslendingar erum komin í stefnumótun og fjárfestingu rannsókna og nýsköpunar í sjávarútvegi. Mest af því sem gert hefur verið hefur alfarið byggst á framsýni og frumkvæði atvinnugreinarinnar sjálfrar og einstaklinga innan rannsóknageirans. Stuðningur opinberra sjóða hefur verið takmarkaður og stefna óljós eða ekki til staðar. Fjöldmörg dæmi sýna hve áhrifarík markviss fjárfesting í rannsóknum, þróun og nýsköpun getur skilað. Dæmi um slíkt má m.a. finna í Noregi. Á málstofunni verður fjallað um aðgerðir norðmanna í þessu efni sem og stöðuna á Íslandi. Fulltrúar atvinnuvegarins og helstu stofnana munu síðan ræða þetta mikilvæga málefni í pallborðsumræðum.



Umsjónarmaður:
Daði Már Kristófersson
Sviðsforseti
Félagsvísindasviðs
Háskóla Íslands



Sigríður Þormóðsdóttir
Forstöðumaður
Innovasjon Norge

Umhverfi nýsköpunar í sjávarútvegi í Noregi – Hvað geta Íslendingar lært af Norðmönnum

Gefið verður yfirlit yfir þátttakendur í nýsköpun og hlutverk Innovasjon Norge. Áherslur eru á samþætt stuðningskerfi þar sem fyrirtækin eru í fókus og veittur er stuðningur allt nýsköpunarferlið frá hugmynd til afurðar. Fjallað er um hlutverk sjávarútvegsins í umbreytingum í norsku efnahagslífi og þróun á lífhagkerfinu. Mikilvægi þekkingar þar með talið markaðsþekkingu í nýsköpunarferlinu og að fyrirtækin setji sér stefnu í nýsköpunarverkendum.



Anna Kristín Daniélsdóttir
Sviðsstjóri Rannsókna og
Nýsköpunar
Matís

Rannsóknasjóðir – tækifæri til nýsköpunar í sjávarútvegi

Fjallað verður um tækifæri sjávarútvegsins til aukinnar fjármögnunar til nýsköpunar bæði á Íslandi og erlendis. Matís ohf. hefur byggt upp samstarf við sjávarútveginn, stofnanir, háskóla og stjórnvöld á alþjóðavísu með heildræna og þverfaglega nálgun að leiðarljósi. Samstarfið hefur ýmist verið rannsókna-, nemenda-, þjónustu- og/eða ráðgjafaverkefni og hefur leitt til nýsköpunar sem nýtist og hefur áhrif á samfélagið.

Þátttakendur í pallborðsumræðum

Fulltrúar atvinnugreinarinnar



Sindri Sigurðsson
Verkefna- og þróunarstjóri
Sildarvinnslan



Erla Pétursdóttir
Mannauðs- og
þróunarstjóri
Vísir

Fulltrúar stofnanna



Sveinn Margeirson
Forstjóri
Matís



Sigurður Guðjónsson
Forstjóri
Hafrannsóknastofnun

Fulltrúi háskóla



Ágústa Guðmundsdóttir
Prófessor
Háskóli Íslands



Matís – brúin sem tengir háskólana og iðnaðinn

Nokkrir af þeim öflugu aðilum sem komið hafa við hjá Matís á vegferð sinni





Málstofustjóri:
Stella Kristinsdóttir
Markaðsstjóri í fiskiðnaði
Marel

Ráðstefnusalur: **Dagur:**
Silfurberg B **Fimmtudagur**

Tímasetning:
15:15-17:00



Umsjónarmaður:
Jóhann Vignir
Gunnarsson
Framleiðslu- og
markaðsmál Þorbjörn

Upplýsingatækni í sjávarútvegi snýst um að nýta upplýsingatæknina til að að sækja, greina og vinna úr hverskyns tölvutækum upplýsingum sem skapast í sjávarútvegi og nýta þau til að ná fram hagræðingu, sjálfvirkni og bæta ákvarðanatöku. Fjallað er um hugbúnað sem gerir kleyft að nýta gögn mismunandi kerfa til að skapa betri og kvikari upplýsingar. Farið yfir hvernig tekist er á við áskoranir í vinnslu á fiski með nýrri tækni, áskoranir í bónuskerfum, rekjanleika á sjávarafurðum og sölu og markaðssetningu.



Benedikt Friðbjörnsson
Sérfræðingur í
viðskiptagreiningu
Metadata

Aukin verðmætasköpun í sjávarútvegi með aðstoð gagna

Farið verður stuttlega yfir hvernig nýta má gögn í sjávarútvegsfyrirtækjum og hvernig megi nýta þau til aukinnar verðmætasköpunar. Gögn liggja víða og með því að draga þau saman og gera þau að ákvörðunartæki má ná fram aukinni skilvirkni og hagræðingu í rekstri og vinnslu.



Ómar Enoksson
Framleiðslustjóri
Vísir hf.

Bestun á nýtingu og hámarkun virðisisköpunar í flakavinnslu


Hugbúnaður er staðalbúnaður í nútíma fiskvinnslum og undanfarin ár hefur mikil þróun átt sér stað á þeim vettvangi, meðal annars með auknu samspili við tækjabúnað og aðrar hugbúnaðarlausnir. Farið verður yfir hvernig hugbúnaður er notaður til að hámarka verðmæti hvers flaks með bestun í flakavinnslu.



Heiðmar Guðmundsson
Lögfræðingur
Samtök fyrirtækja í
sjávarútvegi

Áskoranir í þróun bónuskerfa

Bónuskerfi eru í notkun í fiskvinnslustöðvum hér á landi. Bæði er um að ræða einstaklingskerfi og kerfi fyrir hópa. Reynsla er að bónuskerfi hafa ákveðin líftíma. Farið verður yfir hvernig best er að standa að uppbyggingu nýrra bónuskerfa m.t.t. þess að hámarka afköst, einfalda kerfið, hámarka nýtingu afurðar og auka möguleika starfsfólks að auka tekjur.



Daníel Agnarsson
Tölvufræðingur
Samtök fyrirtækja í
sjávarútvegi

Vitinn - Gögn í sjávarútvegi

Gögn í sjávarútvegi spila sífellt veigameiri þátt í ákvörðunartöku fyrirtækja. Útflutningsgögn sem við búum við í dag eru oft á tíðum röng og gefa skakka mynd af markaðnum.

Vitinn er gagnaveita sem miðar að því að bæta gögn í sjávarútvegi, þannig hægt sé að greina útflutning með meiri nákvæmni heldur en nú er mögulegt.



Anna-Maria Oikonomou
Expert, Programs & Risk
Assessment, Supply
Chain Management
METRO AG

„How a retailer communicates sustainability to their customers“

Can a traceability solution with the support of IT technology help to solve global challenges like feeding 10 billion people in 2050 or protecting the oceans? The clear answer is yes! Scarce resources have to be protected for future generations and processes need to be optimized. But how to develop a simple and robust solution? The presentation will show a modern traceability solution which makes lot-based information with the help of technology retrievable in just a blink of an eye and turn it into a real business opportunity. It will give unique insights in the successful implementation in several countries and the lessons learnt. In other words, the presentation will demonstrate how a technical solution can contribute towards a modern interoperable solution, based on global open standards, which is applicable for food and non-food and can connect industry, retail and customers. It's an exciting journey towards more transparency!

HÁPRÓUÐ, SKILVIRK OG GLÆSILEG

FISKVINNSLUTÆKI



RØÐFLÉTTIVÉL

[C-2031]

Lengd: 2.73m
Breidd: 2.40m
Hæð: 1.90m

NY
HÖNNUN



FLÖKUNARVÉL

[C-2011]

Lengd: 4.060m
Breidd: 1.880m
Hæð: 2.25 - 2.35m



HAUSARI

[C-3027]

Lengd: 2.9m
Breidd: 1.9m
Hæð: 2.23 - 2.33m



BRÝNINGAVÉL

[C-2015]

Lengd: 90cm
Breidd: 74cm
Hæð: 80cm
Þyngd: 100 kg

Hjá Curio kraumar ástríða fyrir handverki, tækni og óheftri hugmyndaauðgi. Við leiðum saman alúðina sem felst í handsmíðuðum vélarhlutum, tækninýjungar og íslenskt hugvit og setjum saman öflug fiskvinnslutæki með sterkan karakter og mikla vinnslugetu.

Við erum stolt af vélunum okkar. Þær bera þess merki og við sýnum það í verki með góðri þjónustu þar sem allir slithlutir eru til á lager þegar þörfin kallar.

Vélnar frá Curio eru vinnubjarkar sem sjá um hausningu, flökun, røðflettingu og brýningu og að sjálfsögðu er hægt að stilla vélnar þannig að þær passi fyrir ólíkar fisktegundir. Einn viðskiptavinur getur verið að vinna ýsu, sá næsti er að vinna keilu og steinbít.

Curio aðlagar hverja vél að þeirri tegund sem viðskiptavinur óskar eftir og þörfum.

Hafðu samband við sölumenn eða kíktu á heimasíðu okkar, við svörum öllum spurningum fljótt og vel og með mikilli ánægju.



www.curio.is



Málstofustjóri:
Friðrik Blomsterberg
Gæða- og tækni sviði
Iceland Seafood ehf.

Ráðstefnusalur: Dagur:
Kaldalón Fimmtudagur

Tímasetning:
15:15-17:00

Ísland stendur framarlega þegar kemur að þróun hátæknilausna. Mikil þróun er að eiga sér stað bæði í veiðum og vinnslu sem kallar á breytta sýn og nýjar áskoranir. Vinnslur eru að taka á sig nýja mynd með innleiðingu nýrra tækja og aukinni sjálfvirknivæðingu. Áður fyrr notuðu vinnslur einungis blöð fyrir skráningu gagna en samhliða þessari öru tækniþróun hafa skráningar færst í auknu mæli á tölvutækt form. Í þessari málstofu verður rætt um skilning á orðinu gæðamál og hvernig þessa öra þróun kallar á breytta sýn á þessum sviðum. Hvernig þróun á nýjum tækjum og upplýsingum auka framleiðslugetu og hvernig þörf fyrir sjálfvirknivæðingu gæðamats hefur vaxið. Leitast var við að fá aðila sem eru að nota mismunandi kerfi til að fjalla um hvernig þau eru að nýtast þeim og hvaða möguleika þessi kerfi hafa uppi að bjóða. Eru kerfin sem eru í boði í dag nógu góð og hvernig sjáum við þróunina fyrir okkur. Í lok málstofu koma svo aðilar sem koma að þessum kerfum að taka þátt í panel umræðum ásamt fyrirlesurum.



Umsjónarmaður:
Helga Franklinsdóttir
Matvælafræðingur
Icelandic



Erlendur Stefánsson
Forstöðumaður
gæðamála
HB Grandi

Hvað eru þessi gæðamál?

Í erindinu verður rætt um skilning á orðinu „gæðamál“. Velt verður upp spurningunni hvort misskilnings gæti á milli „gæðamála“ og „gæðastjórnunar“. Einnig verður farið yfir hvort fyrir-sjáanleg þróun í veiðum og vinnslu kalli á breytta sýn á þessu sviði og hvernig við getum búið okkur undir þær áskoranir sem við komum til með að standa frammi fyrir.



Kristín Anna
Þórarinsdóttir
Matvælafræðingur
Fiskiðnaðarsetur Marel

Sjálfvirknivæðing gæðamats í fiskvinnslu

Nýjungar í vinnslubúnaði hafa aukið framleiðslugetu innan fiskiðnaðarins og samhliða hefur þörf á sjálfvirknivæðingu gæðamats vaxið. Innleiðing nýrrar tækni á þessu sviði mun leiða til þess að gæðaskoðun verður staðlaðri og skilvirkari, auk þess sem hægt er að meta allar framleiddar afurðir í stað ákveðins úrtaks. Sívirk skráning galla mun gera framleiðendum kleift að bregðast hraðar við frávikum í vinnslu og skila upplýsingum sem tengja má við uppruna hráefnis.

HUGBÚNAÐUR Í GÆÐASTJÓRNUN (SKRÁNING GAGNA OG GÆÐASKOÐANIR Í VINNSLU). ER KERFIÐ NÓGU GOTT?

Innova við gæðastjórnun. Hvernig reynist kerfið?


Farið verður yfir þá þróun sem átt hefur sér stað hjá Einhamar Seafood við innleiðingu og notkun gæðakerfis Innova. Takmarkið með innleiðingu kerfisins var fyrst og fremst skráning upplýsinga rafrænt á rauntíma og tengja með því skráningar við rekjanleika og upplýsingagjöf til viðskiptavina.



Alda Gylfadóttir
Framkvæmdarstjóri
Einhamar Seafood ehf.

Rapidfish

Sjávariðjan Rifi hf. hefur gengið í gegnum mikla endurnýjun á vinnslubúnaði og var það rökrétt framhald að endurnýja gæðakerfið. Erindi mitt fjallar um þróunarvinnuna með Völku á Rapidfish og innleiðingu á því kerfi. Hér var gamalt gæðakerfi sem ekki var í takti við þær kröfur sem gerðar eru í dag og þar sem áður var búið að fjárfesta í skurðarvél og afurðaflokkara frá Völku lá beinast við að hefja samstarf um gæðakerfi í framhaldinu. Starfsmenn Völku hafa sniðið gæðakerfið að okkar húsi og okkar kröfum þar sem við vinnum allar skoðanir á spjaldtölvur og allar skoðanaskýrslur geymast á skýi. Enginn blöð sjást lengur sem er mikið gleðiefni.



Íris Ósk Jóhannsdóttir
Gæðastjóri
Sjávariðjan Rifi



Steindór Sverrisson
Gæðastjóri
Norebo Europe

Gæðaskoðun sjófrystra afurða

Í þessu erindi ætla ég að lýsa stuttlega því gæðaskoðunarkerfi sem við í Norebo Group notum við gæðaskoðun á þeim vörum sem frystitogarar koma með að landi í Velsen í Hollandi, Petropavlovsk/Vladivostok í Rússlandi og Busan í Suður Kóreu. Gæðaskoðunarkerfið er hannað og þróað af Gæðakerfi ehf og hefur verið í notkun hjá okkur í nokkur ár. Fer ég yfir mögulegar uppsetningar á kerfinu og yfir ferli skoðunar í kerfinu og sýni dæmi um úrvinnslu gagna í kerfinu. Ennfremur fer yfir kosti og galla kerfisins.



Erla Jónsdóttir
Fjármálastjóri
FISK-Seafood

Sjálfvirkivæðing við gæðaflokkun

Minnkun galla á lokaafurð og hröðun á vinnslu með sjálfvirkri gæðaflokkun. Annarsvegar, hvernig hægt er að safna saman upplýsingum strax frá veiðum til þess að stýra framleiðslunni þannig að hráefnið samræmist afurðakröfum og hinsvegar að setja innbyggða flokkun á flökum í vinnsluferlið til að flokka frá flök sem þurfa frekari meðferð fyrir framhaldsvinnslu.

Þátttakendur í panel



Geir Þráinsson
Sérfræðingur í Innova
Marel



Helgi Hjálmarsson
Framkvæmdarstjóri
Valka



Reynir Prastarson
Framkvæmdarstjóri
Gæðakerfi

TIL HAMINGJU MEÐ SÓLBERG ÓF 1

Við óskum Ramma hf. til hamingju með Sólberg ÓF 1, fyrsta íslenska skipið útbúið vatnsskurðarvél til að framleiða beinlausar afurðir.

Starfsfólk Völku



Hugverkaréttur í sjávarútvegi – Af hverju að verja hugverk?



Málstofustjóri:
Ari Jónsson
Rektor Háskólans í
Reykjavík

Ráðstefnusalur: Dagur:
Silfurberg A Föstudaginn

Tímasetning:
09:30-11:20

Hugverk eru óáþreifanleg verðmæti fyrirtækja s.s. vörumerki, tæknilegar uppfinningar, aðferðir við framleiðslu, aðferðir við markaðssetningu, tenglanet o.fl. Nú á dögum liggja verðmæti fyrirtækja aðallega í eignum í formi hugverka, samanborið við áður fyrr þegar verðmætin lágu í áþreifanlegum eignum á borð við húsnæði, tækjabúnað o.s.frv. Þess vegna er mjög mikilvægt að gæta vel að hugverkum. Íslandi er aftarlega í samanburði við önnur lönd hvað þetta varðar. Verndun hugverka er mikilvæg til að vera samkeppnishæf á alþjóðlegan mælikvarða. Það borgar sig að hafa hugverkavernd á stærstu og mikilvægustu markaðssvæðum heims á hugverkunum sínum, vegna þess að þá er lítill tilgangur fyrir samkeppnisaðila að stela hugmyndinni af því að þeir geta ekki notað hana þar. Að sækja um vernd á hugverkum getur verið dýrt og flókið ferli, en margborgar sig ef aðilar vilja vera samkeppnishæfir og hafa forskot á alþjóðlegum markaði.



Umsjónarmaður:
Sigrún Mjöll
Halldórsdóttir
Matvælafræðingur



Jón Gunnarsson
Samskiptastjóri
Einkaleyfastofa

Það eru ekki fleiri fiskar í sjónum

Hvernig getur sjávarútvegurinn, eða annar iðnaður, aukið samkeppnishæfni sína og byggt upp meiri verðmæti án þess að auka álag á náttúrulegar auðlindir? Svarið er hugvit. Hugvit, sköpunargáfa og þekking er auðlind sem er ótæmandi og getur verið undirstaða sjálfbærs hagsvaxtar á Íslandi. En hvernig er hægt að byggja upp þessa auðlind og vernda? Hvaða hlutverki gegna hugverkaréttindi í að aðstoða fyrirtæki við að halda utan um þessi verðmæti?



Ásdís Magnúsdóttir
Ráðgjafi og meðeigandi
Árnason faktor

Hvaða þýðingu hefur vernd?

Nýsköpun og hugvit hafa sífellt meira vægi í tæknisamfélagi nútímans og fela þar af leiðandi í sér mögulega gríðarleg verðmæti fyrir fyrirtæki. Útfærsla góðrar hugmyndar er þó ekki eign neins fyrr en hún hefur öðlast vernd og eignarrétturinn hefur þar með verið tryggður. Það sama gildir um vörumerki. Þau þarf að velja vel og vernda. Með vernd hugverka er eiganda þeirra veittur einkaréttur til að hagnýta þau og um leið að banna öðrum notkun þeirra.



Ágústa Guðmundsdóttir
Rannsóknastjóri
Zymetech

Nýstárlegar lækningavörur úr þorski á alþjóðamarkaði – Hvað þurfti til?

Líftækniyrirtækið Zymetech er sprottið úr rannsóknum við Háskóla Íslands. Nýstárleg einkaleyfisvarin lækningavara, munnúði gegn kvefi með þorskaensímum, þróuð hjá Zymetech hefur vakið athygli á alþjóðamarkaði. Zymetech og Enzymatica AB voru nýlega sameinuð eftir áralangt samstarf. Tilgangurinn var að styrkja fyrirtækin og efla markaðssókn þeirra á erlendum mörkuðum en ENZY.ST er skráð á First North markaðinn. Rætt verður um sögu, núverandi stöðu og framtíðaráform fyrirtækjanna.



Hilmar Bragi Janusson
Framkvæmdarstjóri
Genis

Mikilvægi hugverkaverndar fyrir fjárfesta

Erindið fjallar um mikilvægi hugverkaréttinda fyrir fjárfesta hvernig hugverkaréttur er metin í fjárfestingum og hvernig stefna fyrirtækja þarf að endurspeglast í hugverkastefnu. Einnig verður fjallað um gerðir og tegundir hugverka sem mikilvægir eru í samhengi við fjárfestingu.

Deloitte.



**Til hamingju
með ráðstefnuna**

deloitte.is

Umbúðir og áhrif þeirra á umhverfið



Málstofustjóri:
Jóhann Oddgeirsson
Framkvæmdarstjóri
Samhentir

Ráðstefnusalur: Dagur:
Silfurberg B Föstudaginn

Tímasetning:
09:30-11:20

Neytendur gera auknar kröfur um vörur sem byggjast á góðri hönnun, gæðum, rekjanleika og umhverfisvitund. Hér leynist fjöldinn allur af tækifærum sem kalla á samstarf og þverfaglega samvinnu ólíkra aðila til að koma sjávarafurðum í hæsta gæðaflokki til neytenda á sem umhverfisvænsta hátt. Gefið verður yfirlit yfir þær umbúðir sem notaðar eru í íslenskum sjávarútvegi, hvernig þær hafa þróast á síðustu árum og áratugum og hvers er að vænta á næstu áratugum. Jafnframt verður fjallað um förgun umbúða og möguleika á notkun umbúða sem eyðast í náttúrunni. Farið verður yfir hvernig hægt er að minnka þyngd umbúða og ummál til að draga úr flutningskostnaði og sótspori.



Umsjónarmaður:
Sverrir
Guðmundsson
Ráðgjafi
SG Consulting



Birgir Fannar Birgisson
Forstöðumaður vöruþróunar
Oddi prentun og umbúðir

Nýjungar og hagkvæmni í sjávarútvegsumbúðum

Í erindinu er fjallað um snertiflötinn milli nýjunga og þróunar annars vegar og hagkvæmni hins vegar, þörfina fyrir breytingar til að mæta auknum kröfum markaðar og neytenda annars vegar og þörfina fyrir jafnt og stöðugt flæði á traustum umbúðum í framleiðslulínunum hins vegar, snertiflötinn þarna á milli og möguleikana sem felast í nýjungum og þróunarverkefnum.



Jurgita Girzadiene
Sustainability manager
Smurfit Kappa

Towards a smarter supply chain

In my lecture I will touch upon changing supply chains and how can paper based packaging support those changes and impacts it creates.

What is smart supply chain today?

How can paper based packaging enable smart supply chain:

Responsible sourcing – know and control your source

Optimised logistics – efficiency & security



Anton Helgi Guðjónsson
Rannsóknir og vöruþróun
Skaginn3X

Notkun ofurkælingar á fiski til að minnka þyngd umbúða og kælimiðils

Í erindinu verður fjallað um þau tækifæri sem ofurkældur fiskur hefur hvað varðar íslausan flutning. Skaginn 3X hefur undanfarin ár unnið náið með Matís og fleiri fyrirtækjum að verkefni fyrir ofurkælingu á bolfiski og laxfiskum. Meðal verkefna var að flytja íslausan fisk í frauðplastkössum heims-horna á milli, sem og íslausan flutning á regnbogasilungi í kerjum frá Íslandi til Póllands.



Peter Wittle
Managing director Tripack
Plastics

Packaging and their impact on the environment

The presentation will review the impact that plastic has on the environment as well as looking at the initiatives taken by Tri-Pack Plastics to minimize these adverse effects by introducing simple solutions to replace Expanded Polystyrene packaging.



Hrönn Ólína
Jörundsdóttir Sviðsstjóri
Matís

Umbúðir – áhrif á umhverfi

Hafa umbúðir áhrif á umhverfið? Hafa umbúðir áhrif á matvælaöryggi? Umbúðir eru fjölpættar og eru nauðsynlegar til flutnings og til að tryggja gæði og öryggi matvæla. Hins vegar eru tvær hliðar á peningnum. Án ábyrgðar notkunar geta umbúðir ógnað bæði umhverfi og matvælum. Umhverfis-ógn starfar m.a. af óábyrgri notkun plasts í umbúðir (framleiðendur) og rangri meðhöndlun umbúða eftir notkun (t.d. endurvinnsla, neytendur). Ógn við matvælaöryggi stafar m.a. af notkun á röngum efnum í umbúðir sem valda því að óæskileg efni leka úr umbúðunum inn í matvælin. Hvað geta framleiðendur gert til að tryggja sína vöru og stuðla að ábyrgri notkun umbúða?

PÖKKUNARLAUSNIR

ALLT Á EINUM STAÐ FYRIR ATVINNUMENN OG HEIMILI



Brettavafningsvélar frá Robopac hafa sannað ágæti sitt

Meira en 150 vélar seldar á Íslandi.

Allt frá hálfsjálfvirkum vélum upp í fullkomnar
línur með yfirbreiðslu og hornastífum.
Afkasta allt að 80 brettum á klst.

Fjölbreytt úrval og miklir möguleikar á stillingum.



ROBOPAC



vottun um sjálfbæra skógrækt

ÞÓRUMERKING
LÍMMIÐAPRENTUN

SAMHENTIR
UMBÚÐALAUSNIR



Málstofustjóri:
Rannveig Björnsdóttir
Forseti Viðskipta- og
raunvísindasviðs
Háskólinn á Akureyri

Ráðstefnusalur: **Dagur:**
Norðurljós **Föstudaginn**

Tímasetning:
09:30-11:20

Þörf á menntuðu starfsfólki í sjávarútvegi eykst sífellt vegna aukinnar tæknivæðingar og aukinna krafna til gæða og þjónustu. Menntun einstaklinga til fjölbreyttra starfa í sjávarútvegi og tengdum greinum er lykill að aukinni samkeppnishæfni greinarinnar á alþjóðlegum mörkuðum. Mikilvægt er að þekkingu sé miðlað á skilvirkan hátt til starfsfólks í sjávarútvegi svo hagnýting hennar verði sem best. Stór hluti ungs fólk í háskólanámi hefur fram að þessu almennt ekki litið á sjávarútveg sem vænlegan kost við atvinnuval að námi loknu en þegar virðisikeðja sjávarútvegs er skoðuð í heild sinni er augljóst að þörfin eftir menntuðu starfsfólki úr fjölmörgum námsgreinum er til staðar. Vaxandi sjálfvirknivæðing í fiskvinnslu og aukin fullvinnsla á afurðum kallar á sérhæft menntað starfsfólk í auknum mæli sem og endurmenntun núverandi starfsfólks. Í málstofunni verður fjallað um það hvernig menntunarþörf mun aukast með tæknivæðingu í sjávarútvegi á næstu árum og áratugum. Hvað hefur Ísland fram að færa þegar kemur að menntun í sjávarútvegi?



Umsjónarmaður:
Gísli Kristjánsson
Framleiðslustóri
HB Grandi



Heiðrún Lind
Marteinsdóttir
Framkvæmdarstjóri
Samtök fyrirtækja í
sjávarútvegi

Menntun í sjávarútvegi – almenn og sértæk

Sjávarútvegur hefur tekið miklum breytingum undanfarin ár og þær breytingar eru á mikilli ferð. Til þess að virðisikeðjan sé traust þarf að huga að menntun og fræðslu í fjölbreytt störf innan sjávarútvegsins, í hátækni, margs konar nýsköpun, veiðum og vinnslu.



Árni Gunnarsson
Kvikmyndagerðarmaður
Skotta Film

Ferðast í huganum - Notkun 360° sýndarveruleika vídeóefnis við kennslu

Hvernig má nýta 360° sýndarveruleika lifandi vídeóefnis sem kennslutæki í efri bekkjum grunnskóla? Farið er yfir reynslu Skotta Film af gerð 360° kennsluefnis og muninn á lifandi 360° vídeóefni sem tekið er upp á vettvangi og sett saman í sýndarveruleika og tölvugerðu kennsluefni sem hannað er á sama hátt og leikjaforrit með það að markmiði að kenna ákveðin vinnubrögð í sýndarveruleika.



Eyjólfur Guðmundsson
Rektor Háskólans á
Akureyri

Menntun í íslenskum sjávarútvegi og samanburður við önnur lönd

Í þessu erindi verður farið yfir menntun í sjávarútvegi á Íslandi í samanburði við önnur lönd þar sem sjávarútvegur er mikilvægur hluti tiltekinna svæða eða landshluta. Dreginn verður fram helsti munur á menntun á háskólastigi, farið yfir hver árangur af núverandi námi í sjávarútvegsfræði hefur verið og settar fram spurningar um það hvernig menntunin þurfi að þróast á næstu árum og áratug. Jafnframt verður skoðað hvernig önnur lönd tengja saman mismunandi skólastig menntunar fyrir sjávarútveg og siglingar í víðu samhengi.



Daði Már Kristófersson
Prófessor og forseti
Félagsvísindasviðs
Háskóli Íslands

Menntun – alþjóðlegt nám – hvað hefur Ísland fram að færa?

Óumdeilt er að íslenskur sjávarútvegur hefur náð miklum árangri á grundvelli skynsamlegrar auðlindastjórnunar, góðra tæknilausna og nýsköpunar. Mikilvægi þekkingar fer einnig vaxandi í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja. Þekking til að bjóða sérhæfða menntun er því fyrir hendi sem og þörf fyrir sérmenntað starfsfólk. Varpa þarf fram spurningum um hvernig ætti að standa að því að byggja upp námsframboð á þessu sviði hjá íslenskum háskólum.



Anna Borg Friðjónsdóttir
og Guðný Halldórsdóttir
UFSI félag ungs
áhugafólks um
sjávarútveg

Af hverju ætti ungt fólk að mennta sig fyrir störf í sjávarútvegi?


Framundan eru margvíslegar áskoranir í íslenskum sjávarútvegi þar sem tækni- og sjálfvirkni-væðing greinarinnar kallar á aukna sérhæfingu starfsfólks sem og fjölbreytta þekkingu. Upp-sjávariðnaðurinn hefur gengið í gegnum miklar breytingar á síðustu árum og fyrirséð er að álíka breytingar verði í hvítfiski á komandi árum. Er nýliðun í sjávarútvegi nægilega mikil til þess að takast á við komandi áskoranir?



**RoteX™
Onboard**

Aukin verðmætasköpun

Skaginn 3X hjálpar þér að bæta afurðagæðin og margfalda afköstin.



RoteX™Onboard

RoteX skipalausnir tryggja fullkomna stjórn á blæðingar- og kæliferli fisks. Þetta gefur betri lit á holdi, dregur úr örveruvexti og eykur líftíma og gæði vörunnar.

Nú þegar hefur Skaginn 3X sett slík kerfi í yfir 120 skip.


SKAGINN 3X
www.skaginn3x.com

Hugverkaréttur í sjávarútvegi – Hvernig skal verja hugverk?



Málstofustjóri:
Borghildur Erlingsdóttir
Forstjóri Einkaleyfastofu
(ELS)



Tatjana Latinovic
Deildarstjóri
Össur



Júlíus B. Kristinsson
Fjármálastjóri
ORF Líftækni



Einar Mäntylä
Framkvæmdarstjóri
Auðnu



Hafliði Kristján Lárusson
Lögmáður
Fjeldsted & Blöndal
lögmannsstofa slf.



Bergþóra Halldórsdóttir
Verkefnastjóri
samkeppnishæfni
Samtök atvinnulífsins

Ráðstefnusalur: Dagur:
Silfurberg A Föstudaginn

Tímasetning:
11:50-13:40

Til þess að koma í veg fyrir að aðrir hafi aðgengi að hugverkum, er ekki hægt að setja hugverk í öryggisskáp og læsa, eins og hægt er að gera ef um áþreifanleg verðmæti er að ræða. Hugverk eru allt annars eðlis. Hugverkavernd er fengin með einkaleyfi, vörumerkjavernd, höfundavernd og hönnunarvernd s.s. iðnhönnun. Einnig er hægt að vernda hugverk einfaldlega með því að halda þeim leyndum, það nefnist viðskiptaleyndarmál. Einkaleyfi má fá fyrir uppfinningar sem eru tæknilegar nýjungar, vörumerkjavernd má fá fyrir vörumerki sem auðkenna vöru og/eða þjónustu fyrir atvinnustarfsemi, höfundavernd fæst fyrir höfundaverk líkt og ritverk og önnur listaverk, og hönnunarvernd má fá á útlit vöru sem hægt er að nema sjónrænt.

Hvernig hagnýta fyrirtæki hugverkaréttindi sín?

Það er óumdeilanlegt að árangur fyrirtækja í hvaða iðnaði sem er byggir fyrst og fremst á þekkingu starfsfólks. Flest fyrirtækin hafa sett sér stefnu varðandi þekkingarsköpun en það er að ýmsu að huga þegar velja á leiðir til að nýta hana til að skapa sér sérstöðu á markaði og viðhalda henni. Fjárfesting í hugverkaréttindum er lykilatriði í því. Í erindinu verður farið yfir þætti sem gott er að hafa í huga þegar stefnt er að byggja upp hugverkaeign og leiðir til að hámarka hagnýtingu fjárfestingar í einkaleyfum og skildum réttindum.

Hugverkavernd eða viðskiptaleyndarmál

Hugverkaréttindi geta skipt miklu í rekstri fyrirtækja, s.s. einkaréttur til sölu, frelsi til athafna og ruglingshætta á vörum og þjónustu. Einkarétt til sölu má tryggja með einkaleyfi eða með viðskiptaleynd. Stundum kemur til álita að upplýsa um uppfinningu með opinberri birtingu til að tryggja að aðrir geti ekki fengið einkaleyfi á henni. Með þessu er tryggt frelsi til athafna. Skráð vörumerki er trúlega verðmætasti hugverkarétturinn til lengri tíma lítið.

Tækniveita á Íslandi – TTO

Ísland skorar hátt í birtingu vísindagreina en lágt í verndun og hagnýtingu vísindalegra uppfinninga. Með stofnun Auðnu, félagasamtaka um stofnun landsskrifstofu í tæknifyrfærslu (tækniveitu) var stigið stórt skref í átt að auknu og betra samstarfi vísindasamfélagsins við atvinnulíf og fjárfesta. Markmið Auðnu er að stofnuð verði tækniveita sem finni, meti, móti og verndi hugverk hagnýtanlegra verkefna vísindasamfélagsins meðal háskóla og opinberra rannsóknastofnana á Íslandi og komi þeim betur á framfæri innanlands og erlendis.

Sameiginleg hugverk

Samstarfsverkefni á sviði nýsköpunar geta leitt til þess að hugverk lenda í sameiginlegri eigu aðila. Getur þetta gerst í tengslum við rannsóknar- og þróunarsamninga sem og styrkjaverkefni. Margs er að gæta þegar hugverk lenda í sameign, m.a. varðandi ákvæði um hvenær sameign stofnast, trúnað, rétt hvors aðila til að nota hugverkið og rétt hins til að takmarka slíkt, greiðslur og hvort hægt er að „slíta sameigninni“.

Vörumerkið Iceland

Auðkenni hvort sem eru í formi fyrirtækjaheita, vörumerkja, félagamerkja, léna, tilvísunar til landa eða staðaheita eða jafnvel notkun fána eru markaðstæki sem geta jafnframt verið eignarréttindi sem fyrirtæki verða að huga að í stefnumótun og viðskiptaáætlunum.

Að undanfögnu hefur tilvísun til Íslands fyrir bæði vöru og þjónustu fæst í vöxt. Verðmæti felast í ímynd landsins sem huga þarf að vernda.



Umsjónarmaður:
Sigrún Mjöll
Halldórsdóttir
Matvælafræðingur

Stöðug vöruþróun og nýsköpun er kjarninn sem Hampiðjan byggir starfsemi sína á




sjávar og á vöruþróunarsviði Hampiðjunnar. Hampiðjan kynnti á þessu ári nýja Advant botntrollsnetið sem hefur sýnt sig að vera 40% léttara í sjó en hefðbundin trollnet. Nýja Hampiðjan Wide botntrollið hefur komið vel út í notkun með 20% meiri breidd á togi og stærra veiðisvæði. Stöðug þróun og aukin notkun umhverfisvænna T90 þvernetspoka með DynIce Quicklines sýna umtalsverða yfirburði miðað við hefðbundna trollpoka hjá flotanum. DynIce Data gagnaflutningakapall með ljósleiðara er í stöðugri þróun hjá

Á Hampiðjan er alþjóðlegt fyrirtæki sem er í fararbroddi í þróun og framleiðslu á hágæða veiðarfærum fyrir stærri togara og uppsjávarveiðiskip. Hjá fyrirtækinu starfa rúmlega 900 manns í 24 fyrirtækjum í 12 þjóðlöndum og með samtals 35 starfsstöðvum. Hampiðjan Baltic verksmiðjan í Litháen framleiðir trollnet, garn og kaðla til veiðarfæragerðar fyrir aðildarfélögin og sérúttögn ofurtóg fyrir sjávarútveg og olíuðnað. Stöðug vöruþróun og nýsköpun er kjarninn sem Hampiðjan byggir starfsemi sína á, í nánú samstarfi við viðskiptavinum og samstarfsaðila til sjós og lands. Vöruþróunin fer fram á vettvangi til sjós, í tilraunatönkum, með myndatökum neðan-

Hampiðjunni með styrk frá Tækniþróunarsjóði og mun hann leiða til umbyltingar í myndrænni sýn og upplýsingaöflun um veiðarfæri í notkun neðansjávar. Hampiðjan hefur undanfarið þróað áfram DynIce togtaugar með því að koma fyrir í þeim rafmagnsleiðurum. Markmiðið með því er að koma raforku frá skipi niður í stýritæki toghleranna til að stjórna þeim við notkun, samhliða öðrum möguleikum við stjórnun og stýringu togveiðarfærisins í framtíðinni. Nýju togtaugarnar kallast DynIce Power Warps.

STÖÐUG VÖRUÞRÓUN er kjarninn sem við byggjum á



HAMPIÐJAN

– Veiðarfæri eru okkar fag

www.hampidjan.is



Málstofustjóri:
Runólfur Geir
Benediktsson
Forstöðumaður
Íslandsbanka

Ráðstefnusalur: Dagur:
Silfurberg B Föstudaginn

Tímasetning:
11:50-13:40

Stöðugt þarf að leita nýrra leiða til að auka verðmæti sjávarfangs. Markaðir eru kvikir. Tækifæri skapast af ýmsum orsökum en jafnframt verða hindranir í vegi. Hvernig tökumst við á við síbreytilegar markaðsaðstæður? Hvar liggja tækifærin? Fjallað verður um nýja markaði, breytingar á mörkuðum, hlutverk stjórnvalda og ýmissa þjónustuaðila í að nýta þau tækifæri sem gefast. Mikilvægi þess að vanda undirbúning og byggja upp þekkingu á aðstæðum í ólíkum menningarheimum. Breyting á hegðun neytenda og í tækniumhverfinu. Miklar breytingar hafa orðið í Kína á undanförunum árum. Stór hópur tekjuhárra neytenda vill gjarnan vestrænar vörur. Þá hafa netmiðlar í Kína opnað leiðir í samskiptum við neytendum sem áhugavert er að skoða vel. Flutningsaðilar taka virkan þátt í að skoða nýjar leiðir í markaðssókn með sjávarútveginum og fáum við dæmisögu um slíkt. Íslensk stjórnvöld sinna gerð fríverslunarsamninga á alþjóðavettvangi og taka þátt í alþjóðasamstarfi sem getur bæði haft jákvæð og neikvæð áhrif á markaðsaðgengi fyrir íslenskar vörur og verður það tekið til umfjöllunar sem og hlutverk utanríkisþjónustunnar við útflytjendur.



Umsjónarmaður:
Guðný Káradóttir
Forstöðumaður
Íslandsstofu

Fríverslunarsamningar með sjávarafurðir og tollkvótar

Fjallað er um fríverslunarsamninga sem Ísland er aðili að, í gegnum EFTA-samstarfið og tvíhliða, og þau tollfríðindi sem þeir fela í sér fyrir íslenskar sjávarafurðir. Einnig er fjallað um tollkvóta fyrir innflutning sjávarafurða inn til ESB.



Bergþór Magnússon
Deildarstjóri
fríverslunarsamninga
Utanríkisráðuneyti

The Dragon's changing appetite: China's transition from a seafood exporter to an importer

China is currently the largest seafood consumer and the largest exporter, but also a growing importer. Seafood has always been a staple protein in China; however, the composition of the seafood consumed is changing. China is going through a transition: Aging population, pollution and unsustainable fishery practices are constraining the supply of seafood. The growing mistrust in the locally produced products is triggering the demand for imported seafood. With the rising income, online retail stores and improved logistics, the supply of imported seafood to China is at its best. China's weakening position in seafood production and exports will cause a great rebalance of seafood supply and demand globally. China will decline as a seafood exporter, but increase greatly as an importer, which will create opportunities especially for white fish, shrimp and high value seafood producers worldwide.

Brexit - risk or opportunity

Brexit is headline news across Europe most days. The challenges the UK and Grimsby seafood processing sector have been identified for some time and are well documented in the UK. Could Brexit potentially have an impact on existing trade relationships and supply chains. How could this affect supply from Iceland? What are the risks or what can be the opportunities? Will Iceland and Grimsby survive Brexit?



Dr. Beyhan de Jong
Associate Analyst
Rabobank Food &
Agribusiness Research
Department



Simon Dwyer
Seafood Logistics
Seafood Grimsby &
Humber (SGH)



Gunnar Kvaran
Forstöðumaður
útflutnings Samskipa

Geta viðtæk flutningskerfi aðstoðað við að opna nýja markaði fyrir sjávarafurðir frá Íslandi?

Markaðir geta breyst snögglega líkt og gerðist þegar Rússland lokaði á innflutning á íslenskum sjávarútvegi sumarið 2015. Miklar áskoranir mynduðust við að finna nýja markaði fyrir þær sjávarafurðir sem þangað höfðu verið seldar í gegnum tíðina og hvert var hlutverk flutningsaðila í þeirri vegferð. Almenn hlutverk flutningsaðila við opnun nýrra markaða og markaðs-svæða.



Sigurður Bogason
Framkvæmdastjóri
MarkMar

Menningarmunur og mögulegar hindranir á nýjum mörkuðum

Menningarmunur milli þjóða skapar bæði ný tækifæri og hindranir á mörkuðum. Til að nýta tækifæri sem skapast vegna t.d. nýrrar framleiðslu- flutninga- og upplýsingatækni þarf framsýni og skilning á menningarmun og gildismati. Tekin verða dæmi um samkeppnishindranir sem geta verið flöskuhálsar í markaðssetningu. Hvernig internetið og rafræn miðlun getur opnað nýja markaðskima og unnið gegn íþyngjandi viðskipta- og tæknilegum kröfum.



VIÐ ERUM RÁÐGJAFAR ÞÍNIR Í UMBÚÐUM

Hjá Odda njóta viðskiptavinir og neytendur áratugareynslu okkar og þekkingar á hönnun og framleiðslu umbúða og þannig er tryggt að varan skili sér í réttu ástandi alla leið á áfangastað.

Fjórða iðnbyltingin – Sjávarútvegur



Málstofustjóri:
Jón Birgir Gunnarsson
Markaðs- og sölustjóri
Skaginn3X

Ráðstefnusalur: Dagur:
Norðurljós Föstudaginn

Tímasetning:
11:50-13:40

Fjórða iðnbyltingin er á næsta leiti og því er spáð að tækni og sjálfvirkni muni á næstu áratugum gerbreyta okkar lífi og störfum. Stór hluti þeirra starfa sem fólk vinnur við í sjávarútvegi í dag mun hverfa í þeirri byltingu og ný verða til í þeirra stað. Fjórða iðnbyltingin vegur ekki aðeins að grundvelli láglaunastarfa í sjávarútvegi þar sem menntunarstigið er lágt. Tölvur geta nú tekið að sér störf sem hingað til hafa krafist ákveðinnar sérþekkingar. Þekking sem lengi hefur aðeins verið talin á færi mannanna. Hvernig verða störf framtíðarinnar í íslensku sjávarútvegi? Hvað er það helsta sem getur staðið í vegi fyrir þróuninni? Fjalla verður um áhrif fjórðu iðnbyltingarinnar á sjávarútveginn m.t.t. sjálfvirknisvæðisvæðingar, upplýsingamiðlunar, byggðaþróunar, fjölda starfsmanna og kröfur til menntunar. Hvernig mun framtíðar fiskiskip og fiskvinnslur líta út eftir tíu ár?



Umsjónarmaður:
Sverrir Guðmundsson
Ráðgjafi
SG Consulting



Yngvi Björnsson
Prófessor
Háskólinn í Reykjavík

Gervigreind – tækifæri í sjávarútvegi

Gervigreind hefur verið áberandi í umræðunni um 4. iðnbyltinguna og sjálfvirknivæðingu starfa. Þó svo að sjávarútvegurinn á Íslandi standi nú þegar framarlega á heimsvísu hvað varðar framleiðni og sjálfvirknivæðingu, þá eru tækifæri til enn frekari hagræðingar með því að nýta sér gervigreindartækni í auknum mæli. Í þessu erindi verður fjallað um hvað gervigreind er, hvernig slík tækni er þegar nýtt í sjávarútvegi, og bent á enn frekari hagnýtingartækifæri.



Richard Már Jónsson
Rafmagnsverkfræðingur
Brimrún

Upplýsingaöflun, framsetning og miðlun gagna innan skips sem og við land

Farið verður í þær breytingar sem eru að eiga sér stað í nútíma fjarskipta, fiskleitar-, siglingartækjum og framsetningu upplýsinga frá þeim. Miðlun gagna innan skips sem og við land.



Hjörtur Emilsson
Framkvæmdarstjóri Navis

Hönnun á fiskiskipum

Hvernig munu fiskiskip framtíðarinnar líta út? Ör tækniþróun á öllum sviðum mun hafa mikil áhrif á skipahönnun. Tölvutækni, gervigreind, róbótar, drónar, rafgeymar, nýir orkugjafar, nýjar aðferðir við veiðar og vinnslu eru allt atriði sem munu hafa áhrif á fiskiskip framtíðarinnar.



Ingólfur Árnason
Framkvæmdastjóri
Skaginn 3X

Þróun frá veiðum til vinnslu

Á síðastliðnum árum hefur átt sér stað mikilvæg þróun frá veiðum til vinnslu í nánú samstarfi við íslensk sjávarútvegsfyrirtæki. Markmið þróunarinnar eru bætt gæði og geymsluþol afurðar ásamt því að auka afköst með bættri vinnuáðstöðu sjómanna og aukinni sjálfvirkni.



Helgi Hjálmarsson
Framkvæmdarstjóri Valka

Þróun í bolfiskvinnslu

Mjög miklar breytingar eru að verða í bolfiskvinnslu þessi misserin. Menn hafa tengt þessar breytingar við fjórðu iðnbyltinguna þar sem róbótar og gervigreind munu hjálpa til við að auka sjálfvirkni, afköst og gæði. Valka hefur stigið stór skref í þessari þróun í nánú sambandi við leiðandi Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki og verður í erindinu farið yfir þau og jafnframt sýn Völkur á næstu skref í þróuninni.



**Íslenskur sjávarútvegur sýnir ábyrgð
í verki með vottun fiskistofna undir
merkjum Iceland Responsible Fisheries**



Fiskveiðistjórnarkerfi og veiðigjöld annarra þjóða



Málstofustjóri:
Heiðrún Lind
Marteinsdóttir
Framkvæmdastjóri
Samtök fyrirtækja í
sjávarútvegi


Ráðstefnusalur: **Dagur:**
Norðurljós **Föstudaginn**

Tímasetning:
14:10-15:45

Það hefur fjölgað í hópi arðbærra fiskveiða í heiminum, með batnandi fiskveiðistjórnun og á sama tíma hefur umræðan um veiðigjöld aukist. Tilgangur málstofunnar er að heyra af reynslu nágrannaþjóðanna við norður Atlantshaf af gjalddöku og fræðast um kosti og galla ólíkra leiða. Sérstaklega verður litið til Grænlands og Færeyja. Þessar þjóðir, eins og Íslendingar, hafa mikla hagsmuni af vel reknum sjávarútvegi. Þær hafa hins vegar valið mjög ólíkar leiðir í bæði aðferðafræði og umfangi gjalddöku. Þó svo Íslendingar hafi verið brautryðjendur á þessu sviði þá hafa þeir nú nokkuð af læra af reynslu grannþjóðanna.



Umsjónarmaður:
Daði Már Kristófersson
Sviðsforseti
Félagsvísindasviðs
Háskóla Íslands



Gunnar Ólafur
Haraldsson Hagfræðingur
Intellecon

Yfirlit yfir veiðigjöld í Norður Atlantshafi

Veiðigjöld hafa tíðkast í grænlandskum fiskveiðum um nokkuð skeið. Hér er sagt frá verkefni sem snérist um að greina núverandi fyrirkomulag, koma með tillögum að annars konar kerfi og meta áhrif nýrra kerfa. Við hönnun kerfa veiðileyfagjalda þarf að huga að ýmsum þáttum sem snerta jafnt stjórn-málalega, félagslega sem efnahagslega þætti. Reynslan frá Grænlandi getur nýst öðrum þjóðum sem hyggjast leggja á, eða breyta, núverandi fyrirkomulagi veiðigjalda í fiskveiðum sínum.



Hilmar Ögmundsson
Sérfræðingur og ráðgjafi
fjármálaráðherra Grænlands
Fjármálaráðuneyti
Grænlands

Fiskveiðistjórnarkerfi og veiðigjöld á Grænlandi

Í kynningunni verður farið stuttlega yfir fiskveiðistjórnunarkerfið. Einnig hvernig fiskiflotinn er samansettur, hvað eru helstu fiskitegundirnar, kvótastærðir í úthafs- og strandveiðum og hvernig aflaheimildum er úthlutað. Grænland á sér langa sögu að varðandi veiðigjöld. Sennilega hefur Grænland verið eitt fyrsta landið í heiminum þar sem fyrst voru álögð veiðigjöld á rækju árið 1984 sem var aðeins 6 árum eftir að Grænland fékk heimastjórn. Farið verður yfir þróun veiðigjalda fram til dagsins í dag. Einnig verður stuttlega kynnt nýtt veiðigjaldakerfi sem er til umfjöllunar á haustþingi-
nu 2017.



Hans Elefssen
Advisor
Faroe Ministry of Fisheries

Fishing reform in the Faroe Islands

All Faroese fishing licenses are to expire in January 2018 after a 10-year notice period for the fishing industry. After January 1, the government is planning to sell 25% of the quotas on pelagic stocks and demersal stocks in the Barents Sea. The rest (the 75%) are going to pay a fee/royalty that is calculated from the accounts of the biggest fishing companies in the Faroe Islands.



Óli Samró
Consultant
FAREC International

Fisheries management is politics - A comparison of Iceland, Norway and The Faroe Islands

The aim of a Fisheries Management System is different in Faroe Islands, Norway and Iceland. In Faroe Islands: „..... ogn Föroya fólks.“ In Norway: „.....ligg til fællesskapet í Noreg“ and in Íslandi „.... standi undir lífsafkomu og hagsæld þjóðarinnar.“ What does it mean? How are the three countries managing their fisheries?



Gunnar Már
Sigurfinnsson
Framkvæmdastjóri
Icelandair Cargo

Lokaávarp



Ferskur fiskur tilbúinn til matreiðslu



Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2016

Á Sjávarútvegsráðstefnunni 2016 fengu þrjár hugmyndir sérstaka viðurkenningu en þær eru:

1. **Ofurkæling:** *Tengiliðir Gunnar Þórðarson, Matís og Albert Högnason, 3X Technology*
2. **Vistvænt íslenskt skip:** *Tengiliður Sigríður Ragna Sverrisdóttir Hafð – Öndvegissetur um sjálfbæra nýtingu og verndun hafsins.*
3. **Strandveiðipjarki með fjarstýringu:** *Tengiliður: Árni Thoroddsen*



Albert Högnason, 3X Technology, handhafi Sviföldunnar 2016.



Hugmyndasmiðir sem voru með þrjár bestu framúrstefnuhugmyndirnar, talið frá vinstri: Sigríður Ragna Sverrisdóttir, Albert Högnason, Árni Thoroddsen og Hjálmar Sigþórsson frá TM sem styrkir framúrstefnuhugmyndina.

Ofurkæling á fiski

Með ofurkælingu er átt við að færa kæliorku inn í fiskvöðvann strax eftir veiðar/slátrun, þar sem innan við 20% af vatnsinnihaldi er fryst. Í botnfiski er miðað við að kæla niður í -0,7 °C og -1,5 °C í laxi, sem er feitari og því er frysti-mark hans lægra. Í báðum tilfellum er um fasaskipti að ræða við þessi hitastig og þarf töluverða orku til að fara niður fyrir þau. Miklar rannsóknir hafa verið gerðar á ofurkælingu og hefur verið sýnt fram á að engar skemmdir verða á frumum vegna ískristallamyndunar svo framarlega sem kæling er innan skilgreiningar.

Mikil tækifæri geta legið í flutningi á ofurkældum ferskum fiski þar sem mikið sparast við að losna við ís í flutningskeðju, sérstaklega með flugi. Um 10% af þyngd á hefðbundnum afurðum við flutning er ís og því bæði fjárhagslegur og umhverfislegur ávinningur með aðferðinni. Lækkun á sotspori við framleiðslu og flutning á fiskafurðum er mikilvægt markaðstæki til framtíðar. Þó svo að ofurkæling sé í sjálfu sér ekki ný af nálinni, þá er tæknin og búnaðurinn sem þróaður hefur verið í kringum þessa „framúrstefnuhugmynd“ ný nálgun sem hefur þegar orðið grundvöllur að nýrri hugsun við veiðar og vinnslu innan lands sem utan.

Aðrar hugmyndir sem fengu umfjöllun í ráðstefnuhefti Sjávarútvegsráðstefnunnar 2016 eru:

- Vefurinn Sporður – Opinn og gagnsær sjávarútvegur. *Tengiliður: Kristján Hjaltason*
- Kortlagning veiðisvæða í kringum Ísland. *Tengiliður: Bjarni Rúnar Heimisson*
- TraceAPPbility. *Tengiliður: Bjarni Rúnar Heimisson*
- Særafall. *Tengiliður: Guðni Á. Haraldsson*
- QualiCator® THE FOOD QUALITY INDICATOR. *Tengiliðir: Viðar Engilbertsson og Kristján Einarsson*

Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2015

Marlýsi

Margildi ehf. er sprotafyrirtæki sem hefur á undanförunum tveimur árum þróað nýja og einstaka vinnsluaðferð, svokallaða hraðkaldhreinsun, sem gerir kleift að kaldhreinsa lýsi úr uppsjávartegundunum makríl, síld og loðnu. Fram til þessa hefur ekki verið unnt að kaldhreinsa á skilvirkan og hagkvæman hátt og fullhreinsa fyrrnefnt lýsi til manneldis vegna mikils magns mettaðra og langra einómettaðra fitusýra s.k. steríns í lýsinu.

Tækjabúnaður og vinnsluþrep hefðbundinnar lýsisframleiðslu eru nú þegar að mestu þekkt en nauðsynlegt er að bæta inn nýju vinnsluþrepi vegna hraðkaldhreinsitækni Margildis. Margildi hefur sótt um alþjóðlegt einkaleyfi á hraðkaldhreinsitækninni og er það í forgangsréttarferli.

Gangi fyrirætlanir eftir mun samkeppnisstaða íslenska fiskmjöls- og lýsisíðnaðarins styrkjast verulega í kjölfarið þar sem skapast munu forsendur til að reisa og reka hérlandis sérhæfða lýsisverksmiðju sem byggir á þessari tækni. Á heildina litið mun tæknin nýtast öllum íslenskum uppsjavarveiði- og vinnsluaðilum sem munu styrkja rekstrargrundvöll sinn með sölu á lýsi til manneldis sem er mun verðmætara en núverandi framleiðsla þeirra. Áætluð tekjuaukning sem þessi lausn gæti

skapað fyrir fiskmjöls- og lýsisíðnaðinn á Íslandi getur orðið allt að 4–6 milljarðar á ári sem ræðst af því hve vel tekst til í markaðssetningu og hagnýtingu afurða Margildis.

Á Sjávarútvegsráðstefnunni 2015 fengu þrjár hugmyndir sérstaka viðurkenningu en þær eru:

1. Lýsi úr makríl, síld og loðnu til manneldis. Marlýsi
2. Ljómandi krókar
3. ITS uppþíðing



Snorri Hreggviðsson til hægri og Magnús Valgeir Gíslason til vinstri, handhafar Sviföldunnar 2015.

Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2014

Á Sjávarútvegsráðstefnunni 2014 fengu þrjár hugmyndir sérstaka viðurkenningu en þær eru:

1. Sporðskurður á fiski fyrir flökun
2. Viking Silver – Þangauður Breiðarfjarðar
3. Staðbundin áta fyrir þorskseði



Sporðskurðavél 4Fish ehf.



Unnsteinn Guðmundsson,
handhafi Sviföldunnar 2014.

Sporðskurðarvél

Eitt af vandamálum í fiskflökun var og er gallatíðni í flökunarvélum sem skapast af því að sporður hangir saman eftir fráskurð sem veldur þunnildagöllum. Flök-in festast í sköfuhnífum og veldur losi í flökum, en það var verkefnið sem hönnuður sporðskurðarvélar lagði upp með í upphafi. Reynslan varð mun betri en búist var við, flökunarvélar hættu að festast, innsetningar mistök í flökunarvél minkuðu til muna þar sem haus-aður fiskur verður 17% styttri og þar af leiðandi auð-veldari í meðhöndlun. Bit í flökunarhnífum endist mun betur sem skilar betri nýtingu og áferðar fallelgru flökum. Minna er um stopp þar sem skipta þarf um hnífa í flök-unarvélum og er undantekning að hnífar séu bitlausir eftir daginn. Hægt er að nota fráskurðarhnífa með meiri gráðu sem minkar brjós og bein úr hryggsúlu í flökum. Tætingur í sporði er enginn eftir roðdrátt og jafnast roð-dráttur úr eldri gerðum roðvéla á við nýjustu gerð roð-véla þar sem sporðskurður hefur átt sér stað, ásamt því að snyrting á sporði verður mun minni eða enginn. Hjá G.Run h/f Grundarfirði hefur vélin verið keyrð í tæp tvö ár og er niðurstaðan sú að afköst jukust strax um 20% vegna betra flæðis og heilli flaka, einnig minkaði hlut-fall í blokk og marning um 25%.


Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2013

Á Sjávarútvegsráðstefnunni 2013 fengu þrjár hugmyndir sérstaka viðurkenningu en þær eru:

1. Fiskvali
2. Marsýn, upplýsingakerfi fyrir sæfarendur
3. Fiskislóðin – Vöktun á fiskigöngum um gervitungl nýtt við fiskveiðar

Fiskvali

Eitt af viðfangsefnum sjómanna er að það eru ekki alltaf réttu fiskarnir sem koma í veiðarfærið. Til að hafa stjórn á aflsamsetningu kemur Fiskvali að góðum notum en hann flokkar frá óæskilega fiska en sá fiskur sem sótt er eftir fer inn í poka botnvörpunnar. Þegar fiskur kemur inn í Fiskvala er hann skannaður, fiskstærð mæld og fiskurinn tegundagreindur. Til að ná fullkominni flokkun þarf fiskurinn að koma með jöfnu millibili inn í Fiskvala. Sendar eru tölulegar upplýsingar úr Fiskvala til skips, í gegnum hljóðbylgjumódem. Niðurstöður eru birtar í formi grafs sem sýnir fjölda fiska sem hleypt er inn í poka, fjölda fiska sem er sleppt, tegundir og stærðardreifingu. Fiskvali stuðlar að aukinni sjálfbærni botnvörpuveiða, flokkar frá undirmálsfisk, óæskilegar tegundir og sleppir fiski á veiðidýpi sem eykur líkur á að hann lifi.



Fiskvali, búa-aður sem stærðar- og tegundagreinar fiskinn í trollinu og flokkar frá óæskilegar tegundir. Vínstra megin er fyrsta kyn-slóð af búnaði-

inum sem var prófuð, hægra megin er sýnd stærðin af Fiskvalanum sem Stjörnu-Oddi hefur hug á að afgreiða til notenda.



Sigmar Guðbjörnsson,
handhafi Sviföldunnar
2013.


Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2012



Björn Björnsson, handhafi Sviföldunnar 2012.

Á Sjávarútvegsráðstefnunni 2012 voru þrjár hugmyndir sem fengu sérstaka viðurkenningu, en þær eru:

1. Lágtíðnihljóðmerki til fiskveiða – Hljóð til að safna saman fiski?
2. Stýranlegir toghlerar fyrir togveiðar og rannsóknir á olúsetlögum.
3. Fljótandi metan – Framtíðar orkugjafi sjávarútvegs á Íslandi.



Lágtíðnihljóðmerki til fiskveiða. Er hægt að nota fiska sem þekkja hljóðmerki til að teyma aðra fiska inn í gildru?

Lágtíðnihljóðmerki til fiskveiða – Hljóð til að safna saman fiski?

Hugmyndin byggir á því að lágtíðnihljóðmerki séu notuð til að safna fiskum að veiðitæki en áður verður að vera búið að kenna þeim að tengja hljóðmerkin við fóðrun. Hljóðmerki geta borist langar leiðir í sjó og eru sjávarfiskar næmastir fyrir hljóðum af lágrí tíðni (100–400 Hz). Þeir geta numið slík merki í margra kílómetra fjarlægð og þannig er möguleiki að senda fiskunum skilaboð um hvar fæðu sé að finna. Veiðiaðferð sem nýtir hljóðmerki á þennan hátt gæti hugsanlega orðið mikilvægur valkostur

við nýtingu fiskistofna þar sem hægt yrði að spara orku og tilkostnað við veiðarnar með því að láta fiskana sjá um að synda sjálfa að veiðitæki. Jafnframt gæti þessi veiðiaðferð dregið úr óæskilegum afföllum á smáfiski og fiskum í útrýmingarhættu þar sem aðferðin gerir mögulegt að flokka þá fiska frá og sleppa þeim ósködduðum. Þjóð sem nýtti slíka veiðiaðferð þætti líklega til fyrirmyndar um sjálfbæra nýtingu fiskistofna, orkusparnað, hráefnisgæði og dýravelferð. Jafnvel gæti stuðningur við rannsóknir á þessu sviði bætt ímynd sjávarútvegsins.


Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2011

Á Sjávarútvegsráðstefnunni 2011 voru fjórar hugmyndir sem fengu sérstaka viðurkenningu, en þær eru:

1. Ljósveiðar, ljósvarpa.
2. Græna hringferli Íslenskrar Matarku.
3. Rafbátar til veiða innanfjarða.
4. Hjarðeldi á þorski.

Ljósveiðar, ljósvarpa

Veiðar með togvörpu eru gríðarlega mikilvægar og arðbærar fyrir íslenskt þjóðarþú og því mikilvægt að endurbæta þær. Það liggja umtalsverð tækifæri í að hugsa togveiðarfæri upp á nýtt. Framúrstefnuhugmynd að togveiðifærum byggir á tækni sem einnig gæti nýst í öðrum veiðafærum. Togveiðarfæri byggja á því að draga net í gegnum vatn, með miklu dráttarviðnámi og töluverðri orkunotkun og tilheyrandi losun koltvísýrings. Valvirkni þessara veiðarfæra er takmörkuð og botnvörpur liggja undir ámæli fyrir að snerta sjávarbotn og hefur sums staðar verið í umræðunni að takmarka eða banna botnvörpuveiðar. Í stað þess að nota hefðbundna vörpu er notuð varpa sem ekki kemur við sjávarbotn og í stað þess að nota áþreifanlegt garn til að smala fiski þá er búið til ímyndað net eða veggur úr laserljósi. Framúrstefnuveiðar með laserljósi, munu stuðla að umhverfisvænum veiðum, og lágmarka röskun á sjávarbotninum.



Samanburður á hefðbundinni botnvörpu (til hægri) og fyrirhugaðri ljósvörpu.

Hjálmar Sigurþórsson hjá Tryggingarmiðstöðinni afhendir verðlaun fyrir bestu framúrstefnuhugmynd til Höllu Jónsdóttir, Nýsköpunarmiðstöð og við hlið hennar er Einar Hreinsson frá Hafrannsóknastofnun.



Fjöldi þátttakenda

Sjöunda ráðstefnan á vegum Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. var haldin í Hörpu dagana 24.-25. nóvember. Samtals voru skráðir um 800 þátttakendur á ráðstefnuna.

Skipuleggjendur ráðstefnunnar

Ráðstefnuráð sem jafnframt er stjórn félagsins sá um alla faglega skipulagningu á ráðstefnunni. Að þessu sinni voru í ráðstefnuráði; Alda Gylfadóttir, formaður, Björn Brimar Hákonarson, Hrefna Karlsdóttir, Mikael Tal Grétarsson, Sara Lind Þrúðardóttir, Sigrún Mjöll Halldórsdóttir og Sverrir Guðmundsson. Valdimar Ingi Gunnarsson var starfsmaður félagsins og CP Reykjavík sá um skráningu þátttakenda, móttöku og þjónustu á ráðstefnustað. Nemendur við Háskólann á Akureyri og Fisktækniskólann aðstoðuðu einnig á ráðstefnustað.

Dagskrá ráðstefnunnar

Ráðstefnunni var skipt niður í eftirfarandi málstofur:

- Íslenskur sjávarútvegur og utanríkismál
- Sala og dreifing á íslenskum fiski á HORECA
- Sögur af þróun í sjávarútvegi á Íslandi
- Tæknibreytingar við fiskveiðar og fiskleit
- Vottun og áhrif á sölu íslenskra sjávarafurða
- Fullnýting í verðmætar afurðir
- Orkunotkun og orkusparnaður við veiðar og siglingu
- Laxeldi á Íslandi í alþjóðlegri samkeppni – Staða – Framtíðarsýn -Stefna
- Þróun í olíuverði – ógnir og tækifæri í okkar
- „Fiskifræði sjómannsins“ og Hafró
- Aukin verðmætasköpun í uppsjávarfiski og grænu skrefin
- Þróun og framtíðarhorfur í bolfiskvinnslutækni
- Staða og tækifæri á bolfiskmörkuðum

Í lok erinda á fimmtudeginum bauð Landsbankinn til veglegrar móttöku í höfuðstöðvum bankans.

Við þökkum stuðninginn

Stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. þakkar öllum þeim aðilum sem studdu okkur fjárhagslega. Ykkar framlag gaf okkur tækifæri á því að halda þáttökugjaldi á Sjávarútvegsráðstefnunni 2016 í hófi. Einnig þökkum við öllum þeim aðilum sem héldu erindi, málstofustjórum og öðrum sem aðstoðuðu okkur við skipulagningu og framkvæmd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2016.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um Sjávarútvegsráðstefnuna 2016, s.s. dagskrá, ráðstefnuhefti og einstök erindi er hægt að sækja á vef félagsins: www.sjavarutvegsradstefnan.is

Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2016



ICELANDAIR
CARGO



Málstofan Tæknibreytingar við fiskveiðar og fiskleit. Frá vinstri: Jed Macdonald, Guðrún Marteinsdóttir, Geir Zoega, Steingrímur Gunnarsson, Þorsteinn Sigurðsson og Haraldur Arnar Einarsson.



Málstofan Sala og dreifing á íslenskum fiski á HOREC. Frá vinstri: Baldvin Jónsson, Guðný Káradóttir, Hartwig Retzlaff, Axel Pétur Ásgeirsson og Björn Jóhannesson.



Málstofan Orkunotkun og orkusparnaður við veiðar og siglingu. Frá vinstri: Sævar Birgisson, Haraldur Árnason, Rakei Sævarsdóttir, Hjörtur Emilsson, Kristján Vilhelmsson og Jónas Viðarsson.

Sjávarútvegsráðstefnan 2015

Ráðstefnustaður: Hilton Reykjavík Nordica

Tímasetning: 19.-20. nóvember

Fjöldi þátttakenda: 760 manns

Ráðstefnunni var skipt niður í eftirfarandi málstofur:

- Íslenskur sjávarútvegur 2015
- Lengi býr að fyrstu gerð – Frá veiðum til vinnslu
- Ný nálgun við markaðssetningu íslenskra sjávarafurða
- Hvaða tækifæri sjá erlendir aðilar í íslensku fiskeldi?
- Eru tækifæri fyrir Íslendinga í umhverfismálum?
- Togveiðar – Áskoranir til framtíðar
- Sjávarútvegur og samfélagsábyrgð
- Ferskfiskflutningar og markaðir
- Af hverju eru ekki fleiri konur í stjórnunarstöðum í sjávarútvegi?
- Sameiginleg markaðssetning



Málstofan Sameiginlega markaðssetning. Frá vinstri: Inga Hlín Pálsdóttir, Helgi Anton Eiríksson, Jens Garðar Helgason, Árni Geir Pálsson, Brynjólfur Eyjólfsson og Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegsráðherra.



Sjávarútvegsráðstefnan 2014

Ráðstefnustaður: Grand Hótel í Reykjavík

Tímasetning: 20.-21. nóvember

Fjöldi þátttakenda: 550 manns

Ráðstefnunni var skipt niður í eftirfarandi málstofur:

- Íslenskur sjávarútvegur
- Eitt, tvö eða fleiri fiskveiðistjórnakerfi?
- Uppsjávarfiskur – Þögla byltingin
- Eru fjárfestingartækifæri í sjávarútvegi?
- Tækifæri til nýsköpunar í sjávarútvegi
- Sjávarútvegur og menntun
- Nýsköpun í kæli- og frystitækni
- Hvað er sanngjarnt auðlindagjald?
- Vinnsla á sjó eða vinnsla í landi?
- Markaðir til framtíðar



Opnunarmálstofan Íslenskur sjávarútvegur. Frá vinstri: Kristján Hjaltason, Erla Kristinsdóttir og Johán H. Williams.



Sjávarútvegsráðstefnan 2013

Ráðstefnustaður: Grand Hótel í Reykjavík

Tímasetning: 21.-22. nóvember

Fjöldi þátttakenda: 550 manns

Ráðstefnunni var skipt niður í eftirfarandi málstofur:

- Íslenskur sjávarútvegur
- Hvernig eru helstu stofnanir sjávarútvegsins að þjóna greininni?
- Sjávarlíftækni – Hvað er í hendi?
- Flutningur á ferskum fiski
- Hvalveiðar og ferðaþjónusta, samkeppni eða samherjar?
- Heimsframboð samkeppnistegunda botnfiska
- Deilistofnar = Deilustofnar?
- Umhverfis- og upprunamerki, samkeppni eða samherjar?
- Eru tegundafalsanir og efnanotkun vandamál í íslenskri fiskvinnslu?
- Sameiginlegt markaðsstarf
- Þróun í vinnslutækni



Framtíðar viðskiptavinir Sjávarútvegsráðstefnunnar, nemendur við Háskólann á Akureyri sem aðstoðuðu í ráðstefnusölum.



Sjávarútvegsráðstefnan 2012

Ráðstefnustaður: Grand Hótel í Reykjavík

Tímasetning: 8.-9. nóvember

Fjöldi þátttakenda: 400 manns

Ráðstefnunni var skipt niður í eftirfarandi málstofur:

- Íslenskur sjávarútvegur
- Eiga Íslendingar að vera með sameiginlegt mark aðs-
tarf?
- Framtíðartækifæri í fiskeldi
- Allt hráefni á land?
- Er framtíð í fullvinnslu á Íslandi?
- Heimsframboð helstu botnfisktegunda
- Framboð og eftirspurn uppsjávarfiska í N-Atlantshafi
- Opportunities for the seafood industry of Iceland in
the EU, now or as member.



Nemendur við Háskólann á Akureyri sem aðstoðuðu í ráðstefnusölum. Fremri röð frá vinstri; Sigmar Örn Hilmarsson, Sigurður Steinn Einarsson, Andri Fannar Gíslason og Orri Filippusson. Aftari röð frá vinstri; Björn Ingason, Böðvar Már Styrmisson, Fannar Freyr Magnússon og Kristján Sindri Gunnarsson.



Arion banki



Sjávarútvegsráðstefnan 2011

Ráðstefnustaður: Grand Hótel í Reykjavík

Tímasetning: 13.-14. október

Fjöldi þátttakenda: 320 manns

Ráðstefnunni var skipt niður í eftirfarandi málstofur:

- Íslenskur sjávarútvegur
- Markaðstækifæri í Evrópu
- Sóknarfæri í veiðitækni
- Markaðssvæði framtíðarinnar
- Vöruþróun
- Sjávarútvegur og fjölmiðlar
- Tækifæri erlendis
- Evrópusambandið og íslenskur sjávarútvegur
- Sjávarklasinn á Íslandi
- Samantekt, pallborðsumræður og verðlaunaafhending



Hluti þátttakenda á Sjávarútvegsráðstefnunni.



Sjávarútvegsráðstefnan 2010

Ráðstefnustaður: Grand Hótel í Reykjavík

Tímasetning: 6.-7. september

Fjöldi þátttakenda: 314 manns

Ráðstefnunni var skipt niður í eftirfarandi málstofur:

- Íslenskur sjávarútvegur
- Markaðsmál og vöruþróun
- Vörumerkið Ísland
- Tækifæri til verðmætasköpunar
- Umhverfismerkingar
- Ferðaþjónusta og sjávarútvegur
- Samantekt og umræður



Séð yfir Gullteig, ráðstefnusal Sjávarútvegsráðstefnunnar 2010.





Saman í lífsins ólgusjó

Árið 1956 urðu tímamót í sögu sjávarútvegs á Íslandi.

Þetta ár var TM stofnað af aðilum sem tengdust sjávarútvegi sterkum böndum. Félagið er í dag leiðandi á sviði váttryggingaþjónustu fyrir sjávarútveginn og hefur sérhæft sig í lausnum sem tryggja hagsmuni atvinnugreinarinnar, jafnt á sjó sem landi.

Hjá TM starfar sérstakt teymi sem hefur yfirgripsmiklaþekkingu á sjávarútvegi og sérstökum þörfum hans á sviði váttrygginga.





GAMMA
LONDON / NEW YORK / REYKJAVÍK / ZÜRICH



ICELANDIC



HAMPIÐJAN



ICELANDAIR CARGO
Því tíminn flýgur

MarkMar
N U T R A



Síldarvinnslan hf

SKAGINN 3X



Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi



Íslandsbanki



samskip

Valka



ÞORBJÖRN

Hafnargötu 12 · 240 Grindavík

Sverrir Gudmundsson
SG Consulting ehf
Tjarnargata 41, 101 Reykjavík, Iceland
Mobile Iceland: +354 891 8158
www.sgconsulting.is